



SKOÐUN Þjóðfélagið er flókinn vefur, skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **13**



MENNING Hvílík skemmtun! Baldur fær fimm stjörnur frá Jónasi Sen. **18**



LÍFID Nemendur sýna Bugsy Malone til styrktar góðu málefni. **26**



SPORT Sævar Birgisson fékk fjögur gull á Skíðamóti Íslands á Akureyri. **22**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla og Vesturbergi

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
7. apríl 2014
82. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Mannúðlegar veiðar

Ný könnun dýraverfðarsamtaka sýnir að mikill meirihluti landsmanna telur mikilvægt að hvalir séu veiddir með mannúðlegum hætti. **4**

Minjar verða list Hópur listamanna hefur fengið minjar frá Hírósíma og úr Berlínarmúrnum til að skapa list. **2**

Fleiri leita til borgarinnar Afleiðingar þess að atvinnulausum með bótarétt fækka í Reykjavík eru alvarlegri fyrir Reykjavíkurborg en nágrennasveitarfélögin. **6**

20 ár frá voðaverkum Rúandamenn minnst þess að 20 ár eru liðin frá því fjöldamorðin hófust. **8**



Bolungarvík	4°	A	6
Akureyri	8°	SSA	6
Egilsstaðir	7°	SSA	6
Kirkjubæjarkl.	7°	SSA	6
Reykjavík	7°	SSA	6

Rigning sunnan og vestanlands en dregur úr úrkomunni þegar á daginn líður. Þjart með köflum norðaustan til. Fremur hæg suðlæg átt. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



VANN PREFALT Tinna Helgadóttir tekur hér við skoti frá Margréti Jóhannsdóttur í spennandi úrslitaleik í einliðaleik kvenna á Íslandsmóti í badminton sem fór fram í Strandgötu í Hafnarfirði í gær. Svo fór að Tinna vann eftir harða baráttu og fylgdi sigrinum svo eftir með því að verða einnig meistari í tvíliðaleik og tvenndar-leik. Tinna varð einnig þrefaldur Íslandsmeistari árið 2009. Sjá síðu 22

Markmið veiðigjalda gleymst

Framlög til hafrannsóknna hafa lækkað á sama tíma og veiðigjöld hækka. Þetta gerist þó markmiðið með gjöldunum sé að fjármagna þjónustu við sjávarútveginn.

SJÁVARÚTVEGUR Þrátt fyrir að veiðigjöld á útgerðina hafi hækkað verulega á síðustu árum hafa útgjöld til hafrannsóknna dregist saman. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að eitt af grundvallarmarkmiðum stjórnvalda við álagningu veiðigjalda hafi frá upphafi verið að fjármagna þjónustu við sjávarútveginn.

Framlög til Hafrannsóknastofnunar duga ekki lengur til að stunda grunnrannsóknir. Ljóst er að stofnmæling botnfiska sem fara á fram á haust, svokallað haustrall, verður með öðru sniði í ár en síðustu níttján ár, og munu rannsóknarskip stofnunarinnar ekki koma að rannsókninni.

„Sparnaður í hafrannsóknunum er gott dæmi um það þegar verið er að spara eyrinn og kasta krónunni,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Hafrannsóknir gera okkur

kleift að nýta stofnana okkar á sjálfbærar og ábyrgan hátt með langtímasjónarmið að leiðarljósi,“ segir Kolbeinn.


Án rannsóknna gæti aflaráðgjöf orðið undir því sem fiskistofnarnir þola, með tilheyrandi tekjutapi. Niðurskurður upp á tugi milljóna af rannsóknarfé gæti því valdið tekjutapi sem gæti hæglega mælst í hundruðum milljóna.

Hafrannsóknastofnun fékk um 1,4 milljarða króna á fjárlögum í fyrra, svipað og árið áður. Í fyrra greiddi útgerðin 4,9 milljarða í veiðigjald. Stofnunin fékk 1,8 milljarða á árinu 2009, uppreiknað á verðlagi ársins 2013. Veiðigjöld það ár voru 1,2 milljarðar.

Framlög ríkisins eru ekki einu tekjur Hafrannsóknastofnunar, í fyrra voru sértekjur stofnunarinnar um 1,3 milljarðar króna.

-shá, bj / sjá síður 10 og 11

FÉ TIL HAFRANNSÓKNA OG VEIÐIGJÖLD



Framhaldsskólakennarar fá formlega kynningu á nýjum samningi í vikunni:

Launin hækka um 11,8% á árinu

MENNTAMÁL Framhaldsskólakennarar fá samtals 11,8 prósentu launahækkun í ár samkvæmt nýjum kjarasamningum.

Almenn launahækkun er 2,8 prósent og er í samræmi við launahækkunir annarra stétta. Við það bætast 9 prósent vegna breytinga sem felast í nýjum kjarasamningi. Ekki er krafa um aukna viðveru kennara samkvæmt samningnum.

Reynir Þór Eggertsson, stjórnarmaður í Félagi framhaldsskólakennara, segir að nú þegar sé hafin vinna við að kynna kennurum hinn nýja samning „Það er búið að senda samninginn til allra trúnaðarmanna og formanna kennarafélaga. Þeir



GYLFI ARNBJÖRNSSON



REYNIR ÞÓR EGGERTSSON

hafa svo væntanlega áframsent samninginn til sinna manna. Svo hefur kynning og umræða farið fram í lokuðum hópum, til dæmis á Facebook, þar sem við höfum svarað nokkrum fyrirspurnum.“

Reynir segir að hljóðið í skrokk kennara sé um margt gott nú þegar þriggja vikna verkfalli er

lokið „Um leið og fólk fær tækifæri til að skoða samninginn virðist hljóðið vera mjög gott. Fyrstu upplýsingar voru villandi en nú er þetta tekið að skýrast.“

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að hækkunir séu líklega í samræmi við aðrar hækkunir í kjarasamningum

„Það er ekki sambærilegt við almenna hækkun að taka að sér aukna vinnu. Skilji ég þessa samninga rétt eru almennar hækkunir í samræmi við kjarasamninga.“

Hann segir að samningarnir líti vel út við fyrstu sýn, „Ég geri ráð fyrir að það þurfi engar sérstakar fjárveitingar til skólanna til að mæta þessu.“

Estirlæti

Gómsæt Páskaostakaka með ljúfum piparmyntukeim bíður þín í næstu verslun.

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

SPURNING DAGSINS



Ólafur, svifur engin ást yfir vötnum?

Reyndar á það við að þar sem tvær endur koma saman á þessum árstíma getur kviknað ást með fyrirjáanlegum afleiðingum.

Ólafur Karl Nielsen fuglafræðingur fór fyrir tuttugu manna hópi sem tindi rusl á friðlandi við Tjörnina á laugardaginn.

Samtök atvinnulífsins vilja að Ísland nái aftur vopnum sínum í viðskiptalífínu: 10 leiðir til að verða best í heimi

VIÐSKIPTI Samtök atvinnulífsins hafa gefið út bækling með tíu leiðum fyrir Ísland til að verða aftur eitt samkeppnishæfasta land veraldar.

Meðal ráða samtakanna er að stuðlað verði að afnámi gjaldeyrishafta, mótuð verði ný peningastefna og að betri árangur náist í fjármálum hins opinbera.

Samtök atvinnulífsins vilja jafnframt að skattar verði lækkaðir og útgjöld ríkis og sveitarfélaga verði dregin saman. Þá leggja samtökin

til að námstími frá grunnskóla til framhaldsskóla verði stytur um tvö ár. Fram kemur í bæklingnum að samneysla sé með hæsta móti á Íslandi en Samtök atvinnulífsins vilja auka vægi einkareksturs og minnka opinberan rekstur.

Fram kemur í tilkynningu frá samtökunum að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hafi sagt við kynningu tillagnanna að stefnumörkun samtakanna væri rökrétt og vel framkvæmanleg.

- ssb



BOLTINN HJÁ OKKUR Sigmundur Davíð vill gjarnan koma Íslandi í fremstu röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flugvallarstarfsmenn í verkfall: Ekkert fundað um helgina

KJARAMÁL Engir fundir hafa verið hjá samninganefnd flugvallarstarfsmanna og Isavia hjá ríkissáttasemjara um helgina. Flugvallarstarfsmenn hafa boðað til verkfalls næstkomandi þriðjudag ef samningar nást ekki.

Búið er við því að seinkun á flugi vegna verkfalls geti numið allt að fjórum klukkustundum.

Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, segir að fundað verði áfram í dag, mánudag.

- ssb



ÆSKAN OG HESTURINN Hestar og knapar sýndu leikni sína með boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Protlausar æfingar ungra knapa skiluðu sér í glæsilegri sýningu: Hross léku knattspyrnu í Víðidal

ÍPRÓTTIR Börn léku aðalhlutverkið í Víðidal á sunnudag þegar sýningin *Æskan og hesturinn* var haldin. Tvær sýningar fóru fram um daginn en börnin höfðu æft af kappi fyrir sýningarnar og áttu veg og vanda af undirbúningi þeirra. Sýningin er samstarfsýning nokkurra hestamannafélaga og er orðin árviss viðburður.

Knapar slógu tvær flugur í einu höggi og spiluðu knattspyrnu á hestbaki í einu atriði sýningarinnar. Boltinn sem varð fyrir valinu var í stærra lagi en að lokum sigraði Fylkir lið Fjölnis.

- ssb

Rússar mótmæla í Úkraínu: Brjótast inn í stofnanir

ÚKRAÍNA Fylgismenn rússneskra stjórnvalda brutust inn í stjórn-sýslustofnanir í þremur borgum Úkraínu í gær.

Mestu óeirðirnar áttu sér stað í borginni Donetsk, þar sem stór hópur safnaðist saman á torgi í miðbænum og réðst inn í borgarstjórnarskrifstofurnar. Eftir átök við óeirðalögregluna komst hópurinn inn í bygginguna, flaggaði rússneska fánanum og hengdi borða á húsið.

Talið er að um þúsund manns hafi tekið þátt í óeirðunum og í gærkvöldi voru enn hundrad manns inni í byggingunni.

- ebg

Háskólakennarar Hafa 3 daga í verkfallsboðun

MENNTAMÁL Kennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn Háskóla Íslands hafa nú þrjá daga til að tilkynna hvort af verkfalli verður á lögbundnum prófatíma í apríl og maí.

Kennarar samþykktu verkfall 22. mars síðastliðinn með miklum meirihluta og síðustu vikur hefur Samninganefnd Félags háskólakennara fundað óformlega með samninganefnd ríkisins.

Jörundur Guðmundsson, formaður Félags háskólakennara, segir að unnið sé eftir ákveðinni aðgerðaáætlun þó að fundirnir séu óformlegir.

- ebg



MIÐBAUGSGENGIÐ Listamennirnir Steingrímur Eyfjörð og Halldór Ásgeirsson, Eydis Eir Björnsdóttir verkefnisstjóri og Jóhann Sigmarsson í Reykjavíkurbíðni þar sem Miðbaugsverkefnið á uppruna sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bryggjustólpar verða að alþjóðasamstarfi

Jóhann Sigmarsson og félagar í Miðbaugs-minjaverkefninu hafa fengið þrjú þúsund fermetra vinnusal í Berlín. Skapa á list úr minjum frá Hírósíma og Berlínarmúrnum. Beðið er svara um minjar frá voðaverkum í New York og Frakklandi.

MENNING „Dekkin eru farin að snúast og lyftast,“ segir Jóhann Sigmarsson, kvikmyndaleikstjóri og upphafsmaður svokallaðs Miðbaugsverkefnis.

Fréttablaðið hefur áður sagt frá Miðbaugs-minjaverkefninu sem er alþjóðlegt farandverkefni um að skapa listaverk úr sögulegum heimsminum. Meðal listamanna sem koma að verkefninu eru Steingrímur Eyfjörð, Jón Adólf Steinólfsson, Halldór Ásgeirsson, Matthias Krause og Steingrímur Karlsson kvikmyndagerðarmaður sem mun stýra heimildarmynd sem Friðrik Þór Friðriksson framleiðir. Jóhann segir fyrir liggja skriflegt vilyrði frá RÚV um kaup á myndinni.

„Við erum komin með þrjú þúsund fermetra stúdíó í miðri Berlín. Það er hrátt en mjög flott,“ segir Jóhann sem í lok apríl heldur til Berlínar að undirbúa komu annarra listamanna.

Upphafið að verkefninu rekur Jóhann til ársins 2012 er hann fékk gefins bryggjustólpa úr Reykjavíkurbíðni. Hann hefur síðan unnið ýmsa muni úr viðarstólpunum. „Til þess að fjármagna mig sel ég húsgögn úr Reykjavíkurbíðni,“ segir Jóhann sem hefur nú einnig fengið vilyrði fyrir gömlum drumbum úr Hamborgurbíðni og broti úr Berlínarmúrnum. Úr þessum minjum verða unnin húsgögn og listaverk í samvinnu við þýska listamenn.

Þá hefur fengist leyfi til að nýta minjar sem tengjast kjarnorkuárás Bandaríkjamanna á Hírósíma í Japan árið 1945. Það verk verður unnið í samstarfi við þarlenda listamenn.

Sömuleiðis er reynt að fá leyfi til að nýta minjar úr rústum 9/11-atburðarins í New York og minjar frá franska þorpinu Oradour-sur-Glane sem hefur staðið óhreyft síðan 10. júní 1944 er allir bæjarbúar nema sex voru

„Við eigum enn eftir að fá svar frá þessum aðilum en ég er mjög bjartsýnn, sérstaklega af því að við höfum fengið jákvæðar undirtektir um Berlínarmúrinn og Hírósíma.“

Jóhann Sigmarsson, upphafsmaður Miðbaugsverkefnisins

teknir af lífi af SS-sveitum. „Við eigum enn eftir að fá svar frá þessum aðilum en ég er mjög bjartsýnn, sérstaklega af því að við höfum fengið jákvæðar undirtektir um Berlínarmúrinn og Hírósíma,“ segir Jóhann.

Haldnar verða sýningar í hverju landi með lokasýningu á Íslandi. Jóhann segir muni verða selda á uppboði og að hluti ágóðans renni til góðgerðarmála á heimsvísu.

gar@frettabladid.is



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Bjarni Benediktsson segir of mikinn ójöfnuð vera í virðisaukaskattkerfinu:

Skattur á matvöru gæti hækkað

STJÓRNSÝSLA Vinna við endurskoðun á virðisaukaskattkerfinu stendur yfir og gerir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ráð fyrir að niðurstöður nefndar sem vinnur að málinu liggi fyrir síðar á þessu ári. Meðal annars eru skoðaðar breytingar á vörugjöldum og leitast við að draga úr mun á milli skattþrepa.

„Það er ójöfnuður í virðisaukaskattkerfinu sem við viljum breyta með því að einfalda kerfið, draga úr mun á milli þrepa og draga úr undanþágum,“ segir Bjarni.

Stærsta breytingin væri að lækka 25,5 prósent virðisaukaskattinn í efra þrepi kerfisins, þar sem flestir vöruflokkar eru, og hækka skattinn í neðra þrepinu, 7 prósent virðisaukaskatt, sem er á bókum, tónlist, matvöru og hluta af ferðapjónustu. Annað í ferðapjónustunni er undanþegið virðisaukaskatti.

„Á móti kæmu mótvægisáðgerðir til að bæta stöðu þeirra sem eru með lægri tekjur. Grunnhugsunin er að lágt neðra þrep sé mjög ómarkviss áðgerð til að létta undir með þeim sem eru með lægri tekjur og aðrar leiðir eru skilvirkari, til að mynda í gegnum bótakerfið eða skattkerfið.“



VILL LÆKKA SKATTA Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra vill einfalda virðisauka- og tekjuskattkerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Einnig er hafin vinna við að endurskoða og einfalda tekjuskattkerfið með skattalækkunir í huga. Bjarni segir að þær áðgerðir verði tímasettar á þessu kjörtímabili, meðal annars með hliðsjón af kjarasamningum sem verða opnir á árinu.

- ebg

USA OG EVVRÓPU FERÐAPAKKI NOVA!

Vertu úti! Og notaðu símann eins og heima hjá þér.

Viðskiptavinir Nova hafa til þessa getað notað Nova farsíma í yfir 30 löndum í Evrópu á sama verði og ef þeir væru á Íslandi. Við bætum nú Bandaríkjunum inn í ferðapakkan sem þýðir stórlækkað verð fyrir viðskiptavini Nova á ferðalögum.

Viðskiptavinir greiða daggjald fyrir þá daga sem síminn er notaður í útlöndum en önnur verð fylgja almennri verðskrá Nova á Íslandi.

Velkomin til Nova!

**Nýtt
hjá
Nova!**



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Ferðapakki Nova: Farsímaþjónusta í áskrift. Daggjald í Evrópu 690 kr. og USA 890 kr. Önnur verð fylgja almennri verðskrá Nova, sjá nánar á nova.is.

SVONA ERUM VIÐ



30% fleiri greiða sóknargjöld hjá Krossinum í ár heldur en árið 1999.

Pá greiddu 374 manneskjur sóknargjöld en núna greiða þau 489 manneskjur.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Forstjóri Þjóðskrár segir ótímabært að ákveða afhendingu kjörskrárstofna:

Bíða fyrir mæla ráðuneytisins

STJÓRNSÝSLA Óljóst er hvort stjórnmalaflokkar fái afhenta kjörskrárstofna fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar eins og tíðkast hefur í áratugi fyrir almennar kosningar.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu telur Persónuvernd vafa leika á því að miðlun kjörskrárstofnanna til flokkanna sé heimil. Innanríkisráðuneytið sagði við meðferð málsins að skrárnar



MARGRÉT HAUKSÐÓTTIR

yrðu afhentar fyrir kosningarnar í maí en Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár Íslands, segir enn ekki ljóst hvort af því verði. Frumkvæði þurfi að koma frá forsætisráðuneytinu sem biðji innanríkisráðuneytið um að gefa þjóðskránni fyrir mæli um að láta skrárnar af hendi.

„Við vitum ekki hvernig þessi tvö ráðuneyti bregðast við í ljósi álits Persónuverndar og það er í

rauninni óvíst hvort óskað verður eftir þessum kjörskrárgögnum,“ segir Margrét sem kveður afstöðu til málsins ekki verða tekna hjá Þjóðskrár fyrr en tilmæli berist frá innanríkisráðuneytinu.

„Persónuvernd segir laga-grundvöllinn ekki nógu traustan en innanríkisráðuneytið vísar á meginreglur lýðræðisins og áratuga hefð. Það er ekkert einfalt að svara hvorir hagsmunirnir eru meiri en auðvitað ber stjórnvöldum að fara að lögum.“ - gar

Fóru til Rússlands í verkfalli:

Íslenskur kór sigraði á móti

MENNING Skólakór Kársness sigraði í flokki unglíngakóra á alþjóðlegu kórámóti í Rússlandi í gær undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

38 kórar spreyttu sig á mótinu í Pétursborg, sex kórar komust í úrslit og bar sá íslenski sigur úr bítum. Stúlkurnar í kórnum sungu íslenska og norræna tónlist á mótinu en þær eru allar á menntaskólaaldri og fóru því til Rússlands í kennaraverkfallinu.

- ebj



LEIT Leit hefur staðið yfir frá því þotan hvarf 8. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leit að malasísku flugvélinni: Hljóðin gætu verið úr vélinni

ÁSTRALÍA Kínversk og áströlsk skip sem leita nú malasísku flugvélarinnar MH370, sem hvarf af ratsjá þann 8. mars síðastliðinn, hafa greint hljóðbylgjur sem eru hugsanlega úr svarta kassa vélarinnar á tveimur stöðum í Indlandshafi.

Samkvæmt fréttavef CNN er haft eftir ráðamanni í Malasíu að vélin hafi flogið norður af Indónesíu og í kringum landhelgi landsins í átt að Indlandshafi. Þannig var vélinni hvorki flogið yfir Indónesíu né inn í lofthelgi landsins. Mögulegt er að vélinni hafi viljandi ekki verið flogið inn í lofthelgi Indónesíu svo hún birtist síður á ratsjám.

- ósk

Greiðir kynjum jöfn laun: Össur fær gullmerki PWC

SAMFÉLAG Össur hefur hlotið gullmerkið í jafnlaunaúttekt PricewaterhouseCoopers (PWC).

Úttektin greinir kynbundinn launamun innan fyrirtækja og metur hvort fyrirtæki greiði kynjunum mishá laun fyrir sömu störf.

Til að hljóta gullmerkið þurfa fyrirtæki að hafa 3,5 prósentu eða minni launamun. Í niðurstöðum úttektarinnar segir að hjá Össuri sé ekki greinanlegur munur á launum karla og kvenna fyrir sambærileg störf.

- ebj

Þrír af fjórum vill að veiðar á hval séu mannúðlegar

Ný könnun dýravelferðarsamtaka sýnir að mikill meirihluti landsmanna telur mikilvægt að hvalveiðar séu mannúðlegar. Tæplega 60 prósent telja að hvalveiðar við Ísland séu mannúðlegar samkvæmt könnuninni.

HVALVEIÐAR Um 73 prósent Íslendinga telja mikilvægt að hvalveiðar séu mannúðlegar.

Þetta kemur fram í niðurstöðum skoðanakönnunar sem dýravelferðarsamtökin International Fund for Animal Welfare (IFAW) létu Capacent Gallup gera fyrir sig. Engar opinberar upplýsingar liggja fyrir um það hvort hvalveiðar við Ísland uppfylli þessa kröfu.

Í könnuninni kemur einnig fram að 59,3 prósent aðspurðra telja að hvalveiðar við Ísland séu stundaðar á mannúðlegan hátt.

„Það er ljóst að Íslendingum er umhugað um velferð dýra. Því miður eru ekki til upplýsingar um það hvernig hvalveiðum við Íslandsstrendur er háttað svo almenningur geti tekið upplýsta afstöðu út frá þeim hvort veiðarnar séu mannúðlegar eða ekki,“ segir Sigursteinn Mátsson, talsmaður IFAW á Íslandi. Hann segir mikilvægt að opna umræðuna um þessa hlið hvalveiða. „Það er eðlileg krafa að íslenskir hvalveiðimenn veiti vísindamönnum og fjölmiðlum aðgang að hvalveiðiferðum sínum þannig að hægt sé að miðla óháðum upplýsingum um eðli hvalveiða milliliðalaust til almennings.“

Í tilkynningu frá IFAW kemur fram að við mat á því hvort veiðar séu mannúðlegar er annars vegar horft til þess hversu þróað taugakerfi þau hafa og hins vegar dauðatíma, það er þess tíma sem líður frá því þau eru særð og þar til þau deyja. Engin alþjóðleg skilgreining er til á því hvað telst vera mannúðlegt við veiðar

Hvernig fara hvalveiðar fram?

Skutli með áfastri taug er skotið í dýrin. Þegar skutullinn hefur stungist inn í holdið spennist hann út og situr þannig fastur. Á skutlinum er sprengjuhleðsla sem ætlað er að springa inni í lífkama dýrsins og splundra líffærum þess. Dauðatíminn er því sá tími sem líður frá því að skutullinn hittir dýrið og þar til það deyr. Dauðatími getur ráðist af því hvar á lífkama dýrsins skutullinn lendir eða hvort sprengjuhleðslan springur á réttum tíma.

á villtum spendýrum. „Fyrir liggur að hvalir eru spendýr með háþróað taugakerfi sem þýðir að þeir finna fyrir sársauka og upplifa hræðslu með svipuðum hætti og mannfólk,“ segir í tilkynningunni.


Engar vísindalegar upplýsingar eru til um dauðatíma hvala í hvalveiðum við Ísland eða nokkrar aðrar upplýsingar um hvernig veiðarnar hafa áhrif á dýrin. Þetta kemur fram í nýlegu svari Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra, við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar þingmanns Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á Alþingi. Í svarinu kemur einnig fram að til standi að Fiskistofa hefji mælingar á dauðatíma hvala við þær veiðar sem áætlaðar eru í sumar.

freyr@frettabladid.is



LANGREIÐUR Engar upplýsingar eru til um það hvernig hvalveiðum við Íslandsstrendur er háttað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SKOÐANNAKÖNNUN CAPACENT GALLUP UM AFSTÖÐU ÍSLENDINGA TIL HVALVEIÐA



IS Ideal STANDARD

Sturtusettt

Verð frá kr. 66.900

IOI ÍSLEIFUR JÓNSSON Gæði fara aldrei úr tísku

Draghals 14 - 16 | Sími 4 12 12 00 | 110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 23°	Friedrichshafen 23°	New York 11°
Apéna 17°	Gautaborg 14°	Orlando 31°
Basel 23°	Kaupmannahöfn 14°	Ósló 17°
Berlín 20°	Las Palmas 22°	París 22°
Billund 13°	London 16°	San Francisco 19°
Frankfurt 22°	Mallorca 21°	Stokkholmur 13°

Á MORGUN
Fremur hægur vindur víða um land.

MÍÐVIKUDAGUR
Hæg breytileg átt.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

VÆTA SUNNAN OG VESTAN TIL fram eftir vikunni en þurrt norðanlands. Um miðja viku snýst í norðanátt með kólnandi veðri og eljum norðanaustan til en allar líkur eru á að norðanáttin verði skammvinn.


Auglýsingaábyrgð: AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrunnar Helgason hrunnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Forskot eftir Þórð Sverrisson:

Sérstakt afrek

„Bókin Forskot er sérstakt afrek og honum til mikils sóma. Þórði tekst einstaklega vel að tvíanna saman sígild fræði og að koma með eigin sýn, sem er í raun verkfæri fyrir stjórnendur.“

Finnur Árnason, forstjóri Haga



„Loksins er komin út á íslensku heildstæð umfjöllun um stefnumótun sem byggir á djúpri þekkingu og reynslu höfundar á viðfangsefninu. Forskot er aðgengileg og afskaplega vel skrifuð. Ætti að vera skyldulesning fyrir stjórnendur.“

Kristján Vigfússon, Forstöðumaður MBA náms og kennari við Viðskiptadeild HR

„Helsti kostur bókarinnar er hve heilsteypt er tekið á viðfangsefninu, án klisju og kreddu, með skýrum tengingum við stjórnæki fyrirtækjarekstrar.“

Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar

„Þú dettur auðveldlega ofan í þessa bók; aftur og aftur.“

Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar

„Það er sérstakt fagnaðarefni þegar einn reyndasti stjórnunarráðgjafi á Íslandi gefur út bók þar sem hann fléttar eigin reynslu og hugviti einstaklega vel við stjórnunarfræðin. Skyldulesning fyrir alla sem áhuga hafa á stjórnun og þá sem vilja bæta sig sem stjórnendur.“

Hafsteinn Bragason, mannaútsjóri Íslandsbanka

Helsti styrkur bókarinnar er hvernig höfundur tekst að tengja saman markaðsfræði og aðrar fræðigreinar, þá helst stjórnun og stefnumótun. Bók sem allir stjórnendur hafa tíma til að lesa.“

Dr. Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent í markaðsfræði við Háskóla Íslands



Um höfundinn

Þórður Sverrisson er ráðgjafi í stefnumótun, stjórnun og markaðsmálum og hópstjóri í stefnumótunarhópi Capacent. Samhliða ráðgjafarvinnu hefur Þórður verið virkur í miðlun fræðslu á sínu sviði m.a. með skrifum í blöð og námskeiðahaldi. Undanfarnin tíu ár hefur Þórður verið aðjúnt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Sjá nánar á www.facebook.com/forskot

sögur
ÚTGÁFA

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða fyrirtæki ætlar að leggja nýjan sæstreng sem tengja á Ísland við Norður-Ameríku og Evrópu?
2. Hvað hét athvarf vændiskvenna í Reykjavík, sem nú hefur verið lokað?
3. Hversu lengi hefur Jón Stefánsson verið organisti Langholtskirkju?

SVÖR:
 1. Emerald Networks
 2. Kristínarhúsið
 3. 50 ár

Kínverski risinn Sanpower Group eignast 89% hlut í House of Fraser, sem metið er á 84,4 milljarða: Stór hluti til þrotabúa íslensku bankanna

VIÐSKIPTI Sanpower Group, ein stærsta fyrirtækjamstæða í einkaeigu í Kína, hefur undirritað samning um 89 prósentu eignarhlut í bresku verslanakeðjunni House of Fraser, sem metin er á yfir 450 milljónir punda, sem samsvara ríflega 84,4 milljörðum íslenskra króna. Kaupin gengu í gegn fyrir helgi, að sögn breskra fjölmiðla.

Verið var að undirbúa skráningu House of Fraser í kauphöllina í Lundúnum síðar á árinu en áður hafði franska stórverslunin

Galleries Lafayette sýnt fyrirtækinu áhuga. Stofnandi íþróttavörverslunarinnar Sports Direct, Mike Ashley, eignaðist 11 prósentu hlut í House of Fraser og er að sögn fjölmiðla ósáttur með kaup kínverska risans á fyrirtækinu, en hann hefur síðastliðna átján mánuði reynt að eignast ráðandi hlut í fyrirtækinu.

Highland Group, félag í eigu þrotabúa gamla Landsbankans (LBI hf.) og Glitnis banka, er sagt eiga 49 prósent í House of Fraser. Nú þegar salan er gengin í gegn

renna tæplega 41,4 milljarðar króna til Highland Group. Félagið var í eigu BG Holding, dótturfélags Baugs, en föllnu íslensku bankarnir gengu þar að veðum 2009. Fram kom í tilkynningu gamla Landsbankans í febrúarbyrjun 2009 að tekinn hafi verið yfir 34,9 prósentu eignarhlutur í HoF og hlutur Glitnis hafi því verið 14,1 prósent. Hlutur þrotabúa bankanna er því sem svarar 29,5 og 11,9 milljörðum króna.



SELT Kaup Sanpower Group gengu í gegn fyrir helgi. MYND/VISUMEDIA

Vilja breytingar á frumvarpi: RSÍ mótmælir bónusalögum

STJÓRNMÁL Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands mótmælir harðlega lagafrumvarpi þar sem kveðið er á um að heimilt verði að greiða kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja sem samsvarar tvöföldun árslauna.

Segir í ályktun stjórnarinnar að það sé stjórnvöldum til háborinnar skammar að leggja línu um slíka óráðsi innan fjármálafyrirtækja og er fjármálaráðherra hvattur til að breyta frumvarpi sínu á þann hátt að bónusar umfram hefðbundna bónusa verði ekki greiddir, eða að öðrum kosti beita sér fyrir að slíku kaupaukakerfi verði komið á hjá almennum launþegum hið fyrsta.

Stofnandi Iceland gjafmildur: 600 milljónir til góðgerðarmála

VIÐSKIPTI Malcolm Walker, stofnandi og forstjóri bresku matvöruverslunarinnar Iceland, afhenti á dögum Alzheimer's Research UK, samtökum sem helga sig rannsóknum á Alzheimer, eina milljón punda, sem samsvarar tæplega 190 milljónum íslenskra króna.

Iceland Foods hefur samantlagt styrkt samtökin um tæplega 600 milljónir króna undanfarin þrjú ár. Walker hóf söfnun fyrir samtökin árið 2011 þegar hann kleif Everest ásamt syni sínum. Árið eftir reyndi hann við Suðurpólinn, og árið 2013 gaf hann út sjálfsævisöguna Best Served Cold: The Rise, Fall and Rise Again of Malcolm Walker, en allur ágóði bókarinnar rann til samtakanna.



MALCOLM WALKER

Sífelld fleiri þurfa að vera á framfærslu borgarinnar

Atvinnulausum með bótarétt fækkar og einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð frá borginni fjölga. Reykjavík kemur töluvert verr út en nágrannasveitarfélögin. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks segir meirihlutann ekki hafa tekið nægilega vel á vandanum. Um 4.200 borgarbúar fengu einhverja tegund fjárhagsaðstoðar á síðasta ári.

VELFERÐARMÁL Heildarfjöldi þeirra sem fékk einhverja tegund fjárhagsaðstoðar árið 2013 í Reykjavík var 4.218 notendur. Í flestum tilfellum var fjárhagsaðstoðin í formi framfærslustyrks, eða í 3.350 tilfellum, en einnig framfærsla vegna náms, aðstoð vegna barna, tannlæknastrykur, húsbúnaðarstrykur, útfararstrykur og svo framvegis. Þetta kemur fram á minnisblaði vegna aðgerðaáætlunar velferðarsviðs sem lagt var fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar nýverið.

Atvinnulausum án bótaréttar fjölgaði um 231 frá 2012 til 2013 en atvinnulausum með bótarétt fækkaði um 276 á sama tíma. Skýringu á mikilli fjölgun atvinnuleitenda án bótaréttar má rekja til þess að bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuleysisstryggingar um fjögurra ára bótarétt féll úr gildi þann 1. janúar 2013. Við þá breytingu misstu tæplega 900 Reykvíkingar bótarétt sinn hjá Vinnuálastofnun.

Því hefur þróunin orðið sú að atvinnulausum með bótarétt fækkar en að sama skapi fjölga þeim sem fá fjárhagsaðstoð hjá borginni „Auðvitað tekur sveitarfélagið við þeim sem missa bótaréttinn,“ segir Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. „En við teljum að meirihlutinn hafi ekki tekið nógu vel á þessum vanda. Það fóru einhverjar aðgerðir alltof seint í gang og í því ferli varð ljóst hversu svífaseint stjórnkerfið er. Fyrir vikið hefur orðið til mikill uppsafnaður velferðarvandi í Reykjavík sem nauðsynlegt er að bregðast betur við.“

Samkvæmt Fjármálaskrifstofu



„Atvinnuleysi í Reykjavík er mun meira en annars staðar, störfum fjölga mun hægar og um leið safnast upp mikill velferðarvandi.“

Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Reykjavíkurborgar varð Reykjavík fyrir mesta skellinum í fækkun starfandi og atvinnuleysisshlutfalli. Í Reykjavík voru rúmum fjórum prósentum færri starfandi í janúar 2013, miðað við árið 2007, en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu eru rúmum tveimur prósentum fleiri starfandi frá 2007. „Atvinnuleysi í Reykjavík er mun meira en annars staðar, störfum fjölga mun hægar og um leið safnast upp mikill velferðarvandi. Það þarf að taka þetta fastari tökum,“ segir Áslaug.


Flestir sem fá framfærslu frá borginni eru á aldrinum 18 til 39 ára en fæstir eru eldri en 60 ára. Um 40 prósent notenda fá framfærslu vegna atvinnuleysis án bótaréttar, 28 prósent eru sjúklingar, tólf prósent eru atvinnulausir með bótarétt og aðrir eru öryrkjar, namar, í launadri vinnu eða fæðingarorlofi.

Alls höfðu 494 verið með framfærslu í 12 mánuði eða lengur í desember 2013 og eru flestir í þeim hópi sjúklingar og atvinnulausir án bótaréttar.



REYKJAVÍKUR-BORG Samkvæmt Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar varð borgin fyrir mesta skellinum í fækkun starfandi einstaklinga og atvinnuleysisshlutfalli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ Fjöldi atvinnulausra með bótarétt og fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík frá janúar 2008 til janúar 2014



Heimild: Minnisblað vegna aðgerðaáætlunar Velferðarsviðs

EFNAHAGSHORFUR TIL 2016

Samtök atvinnulífsins kynna nýja hagspá efnahagssviðs SA ásamt því sem farið verður yfir stöðu og horfur í ferðapjónustu.

MÍÐVIKUDAGINN 9. APRÍL KL. 8.30 - 10.00 Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK



Horfur til 2016: Jafnvægi innan hafta?
 Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA



Hvað þarf til að skapa arðbærari ferðapjónustu?
 Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor



Ferðapjónustan: Framleiðni og lífskjör
 Sigríður Mogensen, hagfræðingur á efnahagssviði SA



Fundarstjóri:
 Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA

Skráning á www.sa.is

Léttur morgunverður og skráning frá kl. 8.00

SA
 SAMTÖK
 ATVINNULÍFSINS

ALMENNT HLUTAFJÁRÚTBOÐ



Hefst í dag, mánudaginn 7. apríl kl. 16.00, og lýkur fimmtudaginn 10. apríl kl. 16.00

Almennt útboð á hlutum í HB Granda hf. hefst í dag kl. 16.00, mánudaginn 7. apríl, og lýkur kl. 16.00 fimmtudaginn 10. apríl og hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. umsjón með útboðinu. Í útboðinu hyggjast Arion banki, Vogun hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. selja 27–32% hlut í HB Granda. Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri HB Granda kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Tvær áskriftarleiðir eru í boði með mismunandi fjárhæðarmörkum og verðmyndun

Tilboðsbók A

- ▶ 8,5% eignarhlutur boðinn til sölu
- ▶ Áskrift að andvirði 100.000–25.000.000 kr.
- ▶ Verðbil áskrifta 26,6–32,5 kr./hlut
- ▶ Heildarsöluandvirði 4,1–5,0 milljarðar kr.
- ▶ Öllum hlutum úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða lægra en í tilboðsbók B

Tilboðsbók B

- ▶ 18,5% eignarhlutur boðinn til sölu
- ▶ Áskrift að andvirði frá 15.000.000 kr. en að hámarki 5% eignarhlutur
- ▶ Lágmarksverð áskrifta 26,6 kr./hlut
- ▶ Heildarsöluandvirði að lágmarki 9,0 milljarðar kr.
- ▶ Öllum hlutum úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða hærra en í tilboðsbók A

Seljendur hafa rétt til að fjölga boðnum hlutum til sölu í allt að 32% eða um 5% af útgefnum hlutum. Ákvörðun um endanlega stærð útboðsins og skiptingu þess milli tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Áskrift er skilað rafrænt á áskriftarvef á arionbanki.is

Aðgangur að áskriftarvef fæst með:

- ▶ aðgangsauðkennum fjárfestis að netbanka Arion banka, eða
- ▶ lykilorði sem óskað er eftir á arionbanki.is og sent er í heimabanka, eða
- ▶ lykilorði sem nálgast má hjá umsjónaraðila gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð.

Áskriftir verða skertar komi til þess að eftirspurn verði umfram þann fjölda hluta sem boðnir eru til sölu

Í tilboðsbók A er meginreglan sú að áskriftir yfir 500.000 kr. verða skertar um allt að 75% af upphaflegri áskrift. Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark allra áskrifta fært enn neðar með flötum niðurskurði. Hámarksúthlutun getur því orðið lægri en 500.000 kr.

Í tilboðsbók B er meginreglan sú að meta áskriftir á grundvelli verðs.

Þátttaka í útboðinu er heimil aðilum með íslenska kenntölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Athygli er vakin á að ákvæði laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri koma í veg fyrir að erlendum aðilum, samkvæmt 1. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sé heimil þátttaka í útboðinu.

Eindagi kaupverðs er áætlaður 23. apríl 2014. Stefnt er að því að fyrsti dagur viðskipta með hluti í HB Granda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. verði 25. apríl 2014.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um HB Granda og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu félagsins dagsettri 27. mars 2014 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á hbgrandi.is og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum HB Granda að Norðurgarði 1 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Höfundur og umhverfissinni: Peter Matthiessen látinn

BANDARÍKIN Höfundurinn og umhverfissinninn Peter Matthiessen, sem skrifaði bækur á borð við *At Play in the Fields of the Lord* og *The Snow Leopard*, lést í gær, 86 ára að aldri, eftir að hafa háð harða baráttu við hvítblæði um nokkurra mánaða skeið.

Matthiessen var ótull baráttumaður umhverfisverndar og einn stofnenda *The Paris Review*, ásamt George Plimpton. Síðasta skáldsaga hans, *In Paradise*, verður gefin út á þriðjudag. - ósk

Hlutir úr bandarískum og sovískum geimferðum boðnir upp í New York:

Tunglryk og búningar til sölu

BANDARÍKIN, AP Bandaríska uppboðsfyrirtækið Bonhams efnir á morgun til uppboðs í New York á minjagripum úr geimferðasögu Bandaríkjanna. Þar verða hæstbjóðendum til kaups margvíslegir munir sem geimfarar hafa notað á ferðum sínum.

Meðal annars verða seldir bandarískir og sovískir geimfarabúningar ásamt fánum og minnislistum. Þá má nefna axlaról sem þakin er tunglryki og litsúhring fyrir kvikmyndavél.

Sovískur geimbúningur frá árunum 1981 til 1991, sem er einn af 27 sams konar búningum sem gerðir voru til að nota í æfingum, er til dæmis til sölu.

Verðmæti hvers hlutar er talið skipta tugþúsundum dala. Allt eru þetta fágætir munir sem hafa verið í einkaeigu en eru nú boðnir til kaups. - gb



GEIMBÚNINGUR

Þessi var aldrei notaður í geimnum en er frá tímum Mercury-geimferða-ætlunarinnar á árunum 1959 til 1963.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Símaauðkenni ná fótfestu: Símaskilríki á sjötíu stöðum

TEKNI Sjötíu fyrirtæki og stofnanir hafa bæst í hóp þeirra sem bjóða viðskiptavinum sínum að auðkenna sig í gegnum farsíma.

Meðal þeirra eru Orkuveita Reykjavíkur, Tryggingastofnun, Rafræn Reykjavík og Vinnuálastofnun. Einnig bjóða tugir framhaldsskóla nemendum sínum að auðkenna sig í gegnum farsíma.

Fram að þessu höfðu aðeins Síminn, Ríkisskattstjórn og Auðkenni boðið viðskiptavinum sínum að nýta síma sem persónuskilríki. - ebg

Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

Hafnarfjörður, Garðabær

Smur 54

Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0330

Pústþjónusta BJB

Flatahrauni 7 · 220 Hafnarfjörður
Sími 565 1090

Smurstöðin Garðabæ

Litlatorgi 1 · 210 Garðabæ
Sími 565 6200



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Tuttugu ár frá þjóðarmorði

Um 800 þúsund manns voru drepnir í Rúanda á aðeins hundruð dögum í kjölfar morðsins á Juvenal Habyarimana þann 6. apríl 1984.



■ **6. apríl, 1994:** Habyarimana forseti var hótú. Hann átti í friðarviðræðum við uppreisnarmenn úr röðum tútsa þegar hann var myrtur ásamt forseta nágrannaríkisins Búrúndís. Flugvéli þeirra var skotin niður.

■ **7. apríl:** Öfgamenn úr röðum hótúa ná yfirráðum bæði í hernum og stjórn landsins og hefja kerfisbundin fjöldamorð á tútsum.

■ **Júlí:** Uppreisnarhreyfing tútsa, sem Paul Kagame er í forystu fyrir, nær höfuðborginni Kigali á sitt vald. Tvær milljónir hótúa, þar á meðal vopnaveitir, flýta til Saír, sem nú heitir Lýðræðislega lýðveldið Kongó.

■ **Desember 1996:** Réttarhöld vegna þjóðarmorðs hefjast við Alþjóðlega sakadómstóllinn fyrir Rúanda.

■ **Apríl 2000:** Ráðherrar og þingmenn kjósa Kagame sem forseta Rúanda.

■ **1996-2014:** Dómstóllinn hefur fjallað um 55 mál. 49 einstaklingar hafa verið sakfelldir, 14 sýknaðir en 12 bíða enn úrskurðar.

Rúanda, 2014: Stærstu þjóðernishóparnir eru hótúar (um 75 prósent af 11,4 milljón íbúum landsins), tútsar (24 prósent) og túar (eitt prósent)

Heimild: Human Rights Watch

© GRAPHIC NEWS

Ekkert talað um tútsa eða hótúa lengur

Rúandamenn minnst þess að tuttugu ár eru liðin frá því fjöldamorðin miklu hófust. Allt kapp er nú lagt á að koma í veg fyrir að harmleikurinn endurtaki sig.

RÚANDA Enginn veit nákvæmlega hve margir voru myrtir í hundruð daga morðæðinu í Rúanda fyrir tuttugu árum. Sameinuðu þjóðirnar tala um 800 þúsund, Rúandabúar tala um milljón. Lægsta mat nemur hálfri milljón.

Undanfarnar vikur hafa íbúar landsins minnst þess að í gær voru liðin 20 ár frá því ósköpin hófust. Minningarathafnir hafa verið haldnar víða um landið. Sérstakur minningarkyndill hefur verið fluttur á milli staða sem tákn um að sárin séu að gróa.

Þau gróa vissulega hægt, en svo virðist sem vöðaverkin fyrir tuttugu árum hafi þó orðið til þess að landsmenn eru hættir að tala um skiptinguna á milli hótúa og tútsa.

Áður var mikið gert úr því að þrjár fjórðu íbúanna væru hótúar en aðeins fjórðungur tútsar. Tútsar eru sem fyrr í minnihluta en forseti landsins er nú Paul Kagame, sem í eina tíð var leiðtogi uppreisnarhreyfingar tútsa.

Hann þykir farsæll forseti og hefur tekist að koma efnahagsmálum landsins á nokkurt skrið. Yngri kynslóðin á erfitt með að átta sig á því sem gerðist fyrir tuttugu árum, en þeir eldri leggja allt kapp á að koma í veg fyrir að harmleikurinn endurtaki sig.

„Eftir morðin hefur enginn kallað mig tútsa, og þeir hótúar sem tóku þátt í þjóðarmorðinu sjá eftir því sem þeir gerðu,“ hefur AP fréttastofan eftir Mike Nkuzumuwami, 45 ára manni sem hefur þann starfa að gæta kirkju nokkurrar í bænum Nyarubuye í austurhluta landsins.

Þar í kirkjunni og næsta nágrenni hennar voru fram- in ein verstu fjöldamorðin árið 1994. Þar voru fimmtán hundruð manns myrtir dagana 15. til 16. apríl. Hinir myrtu voru ýmist tútsar eða hófsamir hótúar, sem höfðu leitað skjóls í kirkjunni. Morðingjarnir notuðu spjót, sveðjur, handsprengr og sjálfvirk skotvopn og gerðu engan greinarmun á því hvort þeir væru að drepa karla eða konur eða börn.

Þar er nú minjasafn um þessi fjöldamorð. Hauskúpur eru þar geymdar í röðum í glerborðum, en skammt frá eru laus bein í hundruðatali. Til hlíðar eru vopnin sem notuð voru.

Við minningarathöfn sem haldin var í London í síðustu viku sagði Louise Mushikiwabo, utanríkisráðherra Rúanda, að þjóðarmorðin hafi verið í hrottaskap sínum „afkastamesta morðæði sögunnar.“ gudsteinn@frettabladid.is

Við hreinsum sótagnasíur í dísilbílum

LIQUI MOLY

Vélsmiðja Grindavíkur

Seljabraut 3 · 240 Grindavík

Bifreiðaverkstæðið Klettur

Hrísmýri 3 · 800 Selfoss

Bílhúsið

Smiðjuvegi 60 · 200 Kópavogur



Pantaðu tíma núna

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Glæpagengi í Danmörku: Beita drónum gegn lögreglu

DANMÖRK Glæpagengi í Danmörku nota dróna til þess að verja viðskipti sín með hass á Pusherstreet í Kristjáníu í Kaupmannahöfn.

Á fréttavef Berlingske er haft eftir lögreglunni í Kaupmannahöfn að drónarnir séu að öllum líkindum notaðir til þess að afhjúpa aðgerðir lögreglunnar í Kristjáníu.

Drónar eru litlar fjarstýrðar flugvélar sem notaðar eru til njósnaferða og eftirlits.

- ibs



DRANGEY Perlan í Skagafirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Priggja ára samningur:

Drangeyjarfélag fær eyna

STJÓRNSÝSLA Byggðaráð Skagafjarðar hefur ákveðið að veita Drangeyjarfélaginu heimild til að nýttja eyna næstu þrjú árin.

„Félagið mun kappkosta að viðhalda veiðiaðferðum, veiðistöðum og ganga um eyna í fullri sátt við náttúruna eins og gert hefur verið undanfarna áratugi. Félagsmenn hafa haldið við skála í Drangey og unnið betrubætur við lendingu og uppgöngu í eyna á kostnað félagsins,“ segir um málið í fundargerð byggðaráðs. Fram kemur að félagið stefni að því að kosta uppsetningu flotbryggju við eyna og að almennt og eðlilegt aðgengi í eyna verði tryggt.

- gar

Semja um fríverslun:

Bitnar helst á fiskútflutningi

NOREGUR Norsk stjórnvöld hafa gert úttekt á því hvaða afleiðingar fríverslunarsamningar milli Evrópusambandsins, ESB, og Bandaríkjanna hefði fyrir Noreg. Talið er að slíkur samningur myndi bitna mest á fiskútflutningi þar sem hann er ekki tollfrjál.

Fram kemur á fréttavef Aftenposten að Bandaríkin og ESB hafi ekki áhuga á að fá þriðja aðila með í samningaviðræðurnar, að minnsta kosti ekki á þessum tímamarki.

- ibs



ÓNÆÐI Hjón sem búa nálægt vindmyllum á Jótlandi keyptu sér sumarhústað til að fá fríð.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sambýli við vindmyllur:

Bætur vegna óþæginda

DANMÖRK Vestri Landsréttur í Danmörku hefur úrskurðað að hjón sem búa nálægt átta vindmyllum fái tvöfalt hærri bætur, eða hálfa milljón danskra króna, í stað 250 þúsund danskra króna sem þeim höfðu áður verið dæmdar vegna hávaða og óþæginda.

Hjónin höfðu flutt frá býli sínu á Jótlandi og byggt sér nýtt hús á fallegu svæði við Tarm. Síðan voru reistar átta vindmyllur í aðeins hálfs kílómetra fjarlægð frá nýja heimilinu þeirra.

- ibs

Próunarverkefni Íslendinga í Malaví, Úganda og Mósambík beinast aðallega að mæðrum og börnum:

Byggja upp heilsugæslu, skóla og brunna

PRÓUNARADSTOD Langflest þróunarverkefni Íslendinga í Malaví, Úganda og Mósambík tengjast velferð mæðra og barna. Þetta kemur fram í svari Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Össuri Skarphéðinssyni um stuðning við mæður og börn í Afríku.

Verkefnin eru tólf og snerta með beinum og óbeinum hætti afkomu mæðra og barna. Verkefnin í Malaví og Úganda, sem snúa að öflun á hreinu drykkjarkvatni, menntun og grunnheil-

brigðisþjónustu, snerta mæður og börn beint en verkefni er varða fiskveiðar snerta þessa hópa með óbeinum hætti, segir í svarinu.

Í Malaví styðja íslensk stjórnvöld við uppbyggingu heilbrigðisþjónustu bæði í gegnum Próunarsamvinnustofnun og Rauða krossinn.

Utanríkisráðherra telur að fjármunum sem varið er til stuðnings mæðrum og börnum sé vel varið.

- jme



VELFERÐ Þau þróunarsamvinnuverkefni sem Ísland tekur þátt í snúast um velferð barna og mæðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN



Grundartangi og umhverfið

Opinn kynningarfundur um umhverfismál og framleiðslu fyrirtækjanna á Grundartanga.

Fundurinn verður haldinn í félagsheimilinu Hlöðum á Hvalfjarðarströnd, **miðvikudaginn 9. apríl 2014** og hefst **kl. 13:00**.

Á fundinum verða kynntar niðurstöður umhverfissvöktunar á Grundartanga fyrir árið 2013. Þá flytur forstöðumaður Nýsköpunar-

miðstöðvar Íslands erindi um loftgæðamælingar í Hvalfirði og fulltrúar fyrirtækjanna á Grundartanga fjalla um starfsemi sína og mengunarvarnir.

Fundurinn er opinn öllu áhugafólki um umhverfið í nágrenni Grundartanga.

Spara eyrinn en kasta krónunni?

Veidigjöld útgerðarinnar hafa alla tíð átt að greiða fyrir þjónustu við sjávarútveginn – ekki síst hafrannsóknir sem sjálfbær nýting byggir á. Á sama tíma og gjöldin hækka, lækka aftur framlög til Hafrannsóknastofnunar sem getur ekki sinnt grundvallarrannsóknunum að óbreyttu.

Svavar Hávarðsson
Skrifar frá Tromsø
svavar@frettabladid.is



Eitt grundvallarmarkmið stjórnvalda við álagningu veidigjalda í sjávarútvegi hefur frá upphafi verið að fjármagna þjónustu við sjávarútveginn – ekki síst hafrannsóknir. Á sama tíma og útgerðin greiðir hærri veidigjöld en löngum fyrr bregður svo við að Hafrannsóknastofnun er fjársvelt. Reyndar hrökkva framlög til stofnunarinnar ekki lengur til að stunda grunnrannsóknir.

Aur og króna

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, benti á í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag að vegna niðurskurðar er vöktunarrannsóknunum, sem farið hafa fram árlega um langt árabíl, hættu búin. Um er að ræða eftirlit með því hvort nýting okkar á helstu nytjastofnum er sjálfbær á hverjum tíma. Án þessara rannsókna gæti aflaröðgjöf orðið undir því sem okkar helstu nytjategundir þola, með tilheyrandi tekjutapi fyrir fólk og fyrirtæki. Ekki þarf mikið hugmyndaflug til að sjá að niðurskurður í rannsóknafé upp á tugi milljóna getur þannig valdið tekjutapi sem hratt mælist í hundruðum milljóna.

„Sparnaður í hafrannsóknunum er gott dæmi um það þegar verið er að spara eyrinn og kasta krónunni. Hafrannsóknir gera okkur kleift að nýta stofnana okkar á sjálfbærni og

ábyrgan hátt með langtímasjónarmið að leiðarljósi. Hafrannsóknir gera okkur líka kleift að markaðssetja okkur sem fiskveiðipjóð sem nýtir stofnana ábyrgt. Umhverfissóknir eru nauðsynlegar til að bregðast við breytingum á lífríki sjávar og fá yfirsýn yfir stöðuna. Útgerðirnar eiga og hafa beitt sér fyrir því að vel sé gert í umhverfismálum og hafrannsóknunum,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um þá stöðu sem við blasir.

Lögin

„Veidigjöld eru lögð á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapar,“ segir 2. grein laga um veidigjöld nr. 74/2012.

Þessi lagagrein er ekki lengri en fjallar um markmið laganna. Ekki þarf að fjölyrða um þá sátt sem virðist alltaf hafa ríkt um að veidigjaldið ætti að fjármagna hafrannsóknir. Í athugasemdum við frumvarpið segir um 7. grein sem fjallar um almennt veidigjald: „Gjaldið á að leggja á í ákveðnum tilgangi eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins [...] Þess má geta í þessu sambandi að fyrirsjáanleg er þörf fyrir aukna fjármuni á komandi árum til hafrannsóknna. Snýr það bæði að endurnýjun skipakosts, þ.e. að fá nýtt skip í stað Bjarna Sæmundssonar, endur-



BJARNI VIÐ BRYGGJU Á sama tíma og viðurkennt er að kaupa þarf nýtt rannsóknaskip fyrir Hafrannsóknastofnun er ekki einu sinni hægt að halda skipinu sem skipta á út við rannsóknir.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Þess má geta í þessu sambandi að fyrirsjáanleg er þörf fyrir aukna fjármuni á komandi árum til hafrannsóknna. Snýr það bæði að endurnýjun skipakosts, þ.e. að fá nýtt skip í stað Bjarna Sæmundssonar, endurnýjun ýmiss rannsóknarbúnaðar og að hægt verði að sinna margvíslegum verkefnum sem orðið hafa að mæta afgangi í undangengnum og yfirstandandi fjárhagsþrengingum.

Frumvarp til laga um veidigjöld

nýjun ýmiss rannsóknarbúnaðar og að hægt verði að sinna margvíslegum verkefnum sem orðið hafa að mæta afgangi í undangengnum og yfirstandandi fjárhagsþrengingum, svo sem hafsbots- og búsvæðarrannsóknunum. Einnig hefur olúkostnaður aukist verulega og úthald skipanna þannig orðið dýrara.“

Byggja upp til framtíðar

Athugasemdir frumvarpsins byggðu á skýrslu þriggja manna sérfræði-

Tónlist Skálmaldar flokkast undir svokallaðan víkingametall. Hún byggir m.a. á eða er innblásin af því sem vitað er um heiðnar tónlistarhefðir á Íslandi. Það er reyndar ósköp lítið. Ísland varð jú kristið árið 1000 og megnið af tónlistararfinum úr fornhandritum tilheyrir kaþólskri bænahefð. Elsta „heiðna“ stefið sem varðveist hefur er líklegast Ár vas alda. Það var spilað inn á milli þátta á Ríkisútvarpinu lengi vel og þótti leiðinlegt. Enda leikið á píanó án nokkurra hljóma eða undirspils.

Tónlist Skálmaldar var engan veginn leiðinleg. Þvert á móti. Vissulega heyrði maður fornescjulegar laglínur og hljómagang, en það féll svo smekklega og skemmtilega inn í heildarmynd ótrúlegs djúfulgangs að manni langaði mest til að standa upp og dansa!

Tónleikarnir í Borgarleikhúsinu voru meira en venjulegir tónleikar. Á plötunni Baldri er sögð saga Baldurs Óðinssonar. Það er ekki goðsögnin um hinn fagra ás sem Loki kom fyrir kattarnef með brögðum, heldur er um að ræða einfaldaða mynd af dæmigerðri Íslendingasögu. Um víking sem kemur að fjölskyldu sinni myrtri, hefnir sín grimmilega, deyr hetjudauða og fer upp til Valhalla. Á tónleikunum voru þrír leikarar sem sögðu söguna og krydduðu hana með svo miklum ærslum að áhorfendur tóku bakföll af hlátri hvað eftir annað. Inn á milli voru viðeigandi lög spiluð.

Leikararnir voru Guðjón Davíð Karlsson, Hildur Berglind Arndal og Hilmar Guð-



HVÍLÍK SKEMMTUN „Tónleikarnir í Borgarleikhúsinu voru meira en venjulegir tónleikar.“

MYND: LÁRUS SIGURÐARSON

jónsson. Þau voru klædd í kjölföt og voru með trúðsnef. Grínatriðin settu tónlistina í samhengi, maður skildi um hvað lögin fjöll-uðu, sá myndu hliðarnar, en samt án þess að virðingin fyrir lögunum glataðist. Halldór Gylfason leikstýrði greinilega frábærllega vel. Flæðið í sýningunni var óheft og afslappað. Brandararnir virkuðu eðlilegir og á einhvern undarlegan hátt gerði það tónlistina enn stórkostlegri en ella. Leikmynd og búningar Móeitar Helgadóttur voru líka auginandi og mögnuðu upp stemninguna. Og sprengjur og effektar Friðbjófs Sigurðssonar voru pottþétt tímasettir.

Skálmöld hefur vakið verðskuldaða athygli undanfarið. Fyrir utan það að vera hrá og fersk, þá er hljómsveitin afar vel samhæfð. Hljóðfæraleikararnir eru flinkir og samtaka. Ég dáðist sérstaklega að trommuleikaranum, sem var Jón Geir Jóhannsson. Hann var svo fimur og orkumikill að það eitt og sér gerði tónleikana þess virði að fara á. Söngvarinn Björgvin Sigurðsson var líka í eldlínunni með sína glæsilegu rödd. Krafturinn og ákefðin í henni var áþreifanleg – hún var beinlínis dáleiðandi. Annað á sýningunni var eftir þessu. Hvíll skemmtun!

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Fyndin og áhrifamikil sýning með heillandi tónlist.



„BESTU KAUPIN“

KYNNTU ÞÉR SKYACTIV SPARTÆKNI MAZDA
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



BEINSKIPTUR FRÁ 4.490.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.790.000 KR.

MAZDA6

Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vél- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málum sem létta bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir dísilvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?

Snjálhelmlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasertískjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framrúðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð.

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár bílgraininni



Öruggur staður til að vera á

HAPPY MONDAY!

MÁNUDAGSTILBOÐ FISKIKÓNGSINS

KINNAR

NÝJAR
EÐA NÆTURSALTADAR

799

 kr/kg

ÞORSKHNAKKAR

FERSKIR / ROÐ
OG BEINLAUSAR

1.890

 kr/kg

FISKIBOLLUR

FROSNAR

2

 FYRIR

1



SKATA

KÆST OG SÖLTUÐ

799

 kr/kg

FISKIKÓNGURINN

SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755



FISKIKÓNGURINN

HÖFÐABAKKA 1
v/Gullinbrú
SÍMI 555 2800

www.fiskikongurinn.is

Finndu Fiskikónginn á



STERK LOK



HITAVEITUSKELJAR



HEITIRPOTTAR.IS

WWW.HEITIRPOTTAR.IS • SÍMI: 777 2000

VAXTALAUS LÁN
TIL 12 MÁNAÐA
(fyrir hitaveituskeljar og rafmagnspotta)

SMÁRÁBÍÓ HÁSHÖLA BÍÓ

12

CAPTAIN AMERICA 3D KL. 5-8-10:15

CAPTAIN AMERICA 3D LUXUS KL. 5-8

NOAH KL. 5:45-8-10:15

GRAND BUDAPEST HOTEL KL. 5:45-8

HNETURÁNIÐ 2D KL. 3:30

ÆVINTÝRI HR. PÍBÓDYS ÍSL. TAL. 2D KL. 3:30-5:45

RIDE ALONG KL. 8

5% A

HÁSHÖLA BÍÓ

NYMPHOMANIAC PART 2 KL. 6-9

HELD KL. 6-8

GRAND BUDAPEST HOTEL KL. 5:45-8-9-10:15

DEAD SNOW - RED VS DEAD KL. 10:15

ONE CHANCE KL. 5:40

Miðasala á: **Meiði**

BIÓBYLTING

PRJÁR NYJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ

ÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

BESTA VERIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.

FJÓL SKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.

GAÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

Segir fólk halda að hann sé geðveikur

„Nema að um sé að ræða Martin Scorsese og hlutverkið skipti einhverju máli, þá hef ég engan djöfulsins áhuga,“ segir leikarinn Kevin Spacey, í viðtali við The Hollywood Reporter.

„Fólk hélt að ég væri geðveikur fyrir ellefu árum þegar ég flutti til London og stofnaði leikhús. Fólk spurði: Hvað er hann að gera? Fólk hélt líka að við værum úti á tíni þegar við gerðum samninginn við Netflix um House of Cards. Ég er vanur því að fólk haldi að ég sé geðveikur. Og veistu hvað? Mér finnst það bara fínt,“ heldur Spacey áfram.

Spacey hefur hlotið Emmy-verðlaun, Golden Globe-verðlaun og tilnefningu til Screen Actors Guild, ásamt öðrum Óskarsverðlaununum á ferlinum fyrir hlutverk sitt í seríunni House of Cards.

- ósk

Upplitað rósótt sófasett

BAKPANKAR Berglindar Pétursdóttur



HVAÐ er betra en að fara í sumarbústað? Ábyggilega ýmislegt, en það er samt alltaf eitthvað notalegt að fara í bústað. Keyra allt of lengi til þess eins að slappa af í einhverjum kofa. Sumarbústaðir eru ekki merkilegir út af fyrir sig, nokkuð svipaðir allir að stærð og gerð og einhvern veginn alltaf sama lyngið í kring, jafnvel smá mól í innkeyrslunni. Það er nú samt einu sinni þannig með sumarbústaði, svipað og með mannfólki, að það merkilegasta við þessi fyrirbæri er innvolsið. Sumarbústaðahúsgögn eru ótrúlegur menningararfur. Upplitaður viður með hræðilegum bólstruðum sessum og samtíningum af stytum og vösum sem enginn vildi úr síðustu dánarbúum.

SÓFINN er alltaf ákveðinn hornsteinn í ósamstæðunni, hornsófi með huggulegu blómamynstri hvurs líta-palletta má muna sinn fifil fegurri. Gardínur á stærðarinnar gardínurhringjum, ekki alveg með sama blómamynstri og sófinn, og ljótir pífukoddar með abstrakt grábleiku munstri. Svo er náttúrulega mjög extravagant blúndugardína inni á badherbergi, sem er vissulega þakklát uppbót fyrir ískalda klósettsetuna.

EN SAMT, súkkulaðirúsínur í hillu, fermingarfranskar á borði, snjádúr lúðókassi, kilja úr Ódýra pakknum, spilastokkur – svo kámugur að það stafar sjúkdómahætta af því að taka Ólsen – hálsflitra bjórdós á heitapottsbríkinni, grilluð kótiletta í annarri og Æðibitakassi í hinni. Húsflugufjöldagrafir hér og þar. Mmm.

ÞAÐ er nefnilega þannig að þegar það er buið að rölja um á gólfinu í ullarsokkum í svona hálf tíma er allt orðið svo skrambi kósi og það er eins og maður hafi aldrei verið í öðruvísi umhverfi. Þegar maður breiðir svo yfir sig þynnildi úr Rúmfataglerum að kvöldlagi er notalegt að hlusta á suð flugna og lóupíp úti í móa, og hlakka til kraftleysisins sem sturtan mun bjóða upp á daginn eftir.

HÍÐ herrans ár 2007 gerðist ég svo fræg að komast eina helgi í lúðókassalausan sumarbústað í eigu ónefnds hverfisbanka þar sem veggirnir voru úr gleri, sófarnir úr leðri, sturtur og fataskápar á stærð við íbúðina mína, bakarofninn rúmaði þrjá kalkúna og ísskápurinn var með tölvuskjá. Og vitiði hvað? Það var bara ekkert eins og að vera í sumarbústað.

LAUGARÁS BÍÓ Coca-Cola LAUGARÁS

12

CAPTAIN AMERICA 3D 5, 8, 10:45

NOAH 6, 8, 9, 10:45

HNETURÁNIÐ 2D 6

Sýningartímar

SAMBIO.IS

FRÁ ÞEIM SOMU OG FÆRDU OKKUR

12

CAPTAIN AMERICA 2 3D KL. 5:10-8-10:45

CAPTAIN AMERICA 2 2D KL. 10:20

CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D KL. 5:10-8-10:45

NOAH KL. 5:10-8-10:45

NEED FOR SPEED KL. 8-10:45

POMPEI KL. 5:40-8

300: RISE OF AN EMPIRE 2D KL. 10:20

NON STOP KL. 8

MUPPETS MOST WANTED 2D KL. 5:30

THE LEGO MOVIE 2D KL. 5:50

EGILSHÖLL

CAPTAIN AMERICA 2 KL. 3D: 8-10:45 2D: 5:10

NOAH KL. 5:10-7:40-10:30

NEED FOR SPEED KL. 8-10:20

MUPPETS MOST WANTED 2D KL. 5:30

300: RISE OF AN EMPIRE 2D KL. 8-10:45

GAMLINGINN KL. 5:10

KEFLAVÍK

CAPTAIN AMERICA 2 KL. 8-10:45

NOAH KL. 8

NEED FOR SPEED KL. 10:45

AKUREYRI

CAPTAIN AMERICA 2 3D KL. 5:15-8-10:45

NOAH KL. 8

NEED FOR SPEED KL. 10:45

MUPPETS MOST WANTED 2D KL. 5:30

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**



KLAUFALEGT Þessi mýnding kom fyrir-sætunni greinilega úr jafnvægi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



OBBOŚÍ Þessi endaði á gólfinu.



ÁTTI EKKI SÉNS Hælarnir fóru með þessa.

Stórslys á tískupöllumunum

Það gekk ekki allt eins og í sögu þegar fatahönnuðurinn Seccry Hu Sheguang sýndi það helsta úr haust- og vetrarlínu sinni á tískuvikunni í Kína. Fyrirsæturnar áttu í mestu erfiðleikum með að fóta sig.

Tískusýning kínverska fatahönnuðarins Seccry Hu Sheguang á tískuvikunni í Kína fyrir stuttu vakti mikla athygli. Það voru þó ekki fötin sem voru í aðalhlutverki heldur fyrirsæturnar, sem áttu í mestu erfiðleikum með að ganga á himinháu hælunum sem Seccry lét þær ganga í.

Hver fyrirsætan á fætur annarri hrasaði og datt á tísku-

pallinum en hælarnir voru á bilinu sautján til tuttugu sentimetra háir.

Þó að stolt fyrirsætanna sé eflaust sært geta þær státað sig af því að vera nú komnar í hóp með heimsfrægum fyrirsætum á borð við Naomi Campbell, Agyness Deyn og Jessica Stam sem allar hafa dottið á pöllumunum.

liljakatrin@frettabladid.is

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:

NORRÆN KVIKMYNDA HÁTÍÐ

3.-15. APRÍL 2014


MÁNUDAGUR 7. APRÍL

18:00 Kyss Meg, For Faen I Helvete, Noregur (2013)

20:00 Lärjungun, Finnland (2013) Á sænsku

Allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er fritt inn á hátíðina.

Nánari upplýsingar á norranaehusid.is.



SÝNINGIN HELDUR ÁFRAM Það tókast ekki að fyrirsætur hjálpi samstarfsfólki sínu á pöllumunum því sýningin verður jú að halda áfram.

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

Reykjavík Shorts&Docs Festival

SAVING MR. BANKS

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Hita upp með partíum úti í heimi

Aðstandendur Secret Solstice segja að hátíðin sé alþjóðleg og vilja erlenda ferðamenn á hátíðina í sumar.



„Við lítum á hátíðina sem alþjóðlega hátíð,“ segir Friðrik Ólafsson, einn skipuleggjenda Secret Solstice-tónlistarhátíðarinnar sem fram fer í Laugardalnum í sumar. „Viðtökurnar hafa verið rosalegar, staðirnir pakkaðar og alls staðar röð út úr dyrum,“ segir Friðrik jafnframt, en hann hefur ferðast víða til þess að halda upphitunarpartí fyrir hátíðina, til Danmerkur, Los Angeles og Svíþjóðar.

„Þar hafa verið plötusnúðar að spila sem munu spila á hátíðinni okkar líka. Við höfum verið mjög stórhuga í markaðsherferð erlendis og partíin eru liður í því,“ útskýrir hann, en í partíunum hingað til hafa bresku

plötusnúðarnir Boddika, Plastic Love og Klose One spilað fyrir dansþyrsta gesti.

Næst leggur Friðrik í hann til London. „Partíið verður haldið í maí, en þar munu íslensku plötusnúðarnir IntroBeats og Yamaho koma fram.“

Secret Solstice-hátíðin verður haldin dagana 20-22. júní í Laugardalnum. Um 150 tónlistaratriði koma fram á hátíðinni, en meðal þeirra sem koma fram eru stór nöfn á borð við Massive Attack, Woodkid, Carl Craig og Kerri Chandler.

„Við erum rétt að byrja og tilkynnum fullt af nýjum, stórum listamönnum á föstudaginn,“ segir Friðrik að lokum.



ALÞJÓÐLEG HÁTÍÐ Friðrik Ólafsson er einn skipuleggjandi hátíðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

INTROBEATS

Ársæll Þór Ingvason, betur þekktur sem plötusnúðurinn IntroBeats, er ef til vill hvað best þekktur fyrir framlag sitt til íslensku hipphopp-senunnar, en hann er meðlimur sveitarinnar Forgotten Lores sem getið hefur sér gott orð á Íslandi og víðar. Auk þess hefur IntroBeats starfað með flestum röppurum landsins síðan á tíunda áratugnum. IntroBeats kemur fram í upphitunarpartíi á vegum Secret Solstice í London í maí, auk þess sem hann spilar á hátíðinni sjálfri.

Árið 2011 gaf IntroBeats út sína fyrsta raftónlistarplötu, Halftime, hjá Möller Records og spilar nú aðallega hústónlist, þó með áhrifum frá tíunda áratugnum. IntroBeats kemur reglulega fram á skemmtistöðum í Reykjavík og spilar oft á Kaffibarnum og Prikinu, svo dæmi séu tekin. Hann kom fram á Sónar Reykjavík sem haldin var í febrúar í Hörpu, við góðan orðstír.



DJ INTROBEATS Ársæll Þór Ingvason spilar aðallega hústónlist.

MYND/INGVAR HÖGNI

DJ YAMAHO

Natalie G. Gunnarsdóttir er ef til vill betur þekkt sem DJ Yamaho. Hún kemur fram í upphitunarpartí Secret Solstice í London í maí, ásamt öðrum íslenskum plötusnúðum. Auk þess kemur Natalie fram á hátíðinni sjálfri í Laugardalnum í sumar.

Natalie hóf plötusnúðaferilinn um aldamótin á skemmtistaðnum Sirkus og hefur æ síðan notið mikilla vinsælda sem plötusnúður, á Íslandi og víðar. Hún hefur meðal annars spilað víða í Evrópu, til dæmis í Danmörku, Pýskalandi og á Spáni.

Yamaha spilar blöndu af hústónlist, raftónlist og teknó.



DJ YAMAHO Natalie G. Gunnarsdóttir spilar hústónlist, raftónlist og teknó.

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn **29. apríl nk. kl. 17.15** í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á frjalsilif.is og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum Arion banka tveimur vikum fyrir ársfund.

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en sjö dögum fyrir ársfund og ber að tilkynna framboð til stjórnar með sannanlegum hætti.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

MARGVERÐLAUNAÐUR LÍFEYRISSJÓÐUR



Frjálsi lífeyrissjóðurinn var á árinu 2013 valinn besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með undir milljón íbúa af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE).

Sjóðurinn hefur hlotið fjölmörg alþjóðleg verðlaun:

- 2013 – Besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með undir milljón íbúa
- 2011 – Besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2010 – Besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2009 – Besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2005 – Besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflokknum Uppbygging lífeyrissjóða

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opin öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibúi Arion banka. Einnig má nálgast upplýsingar á vefsíðu sjóðsins, frjalsilif.is.



FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Meginniðurstöður ársreiknings (í milljónum króna)

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2013 EIGNIR

Verðbréf með breytilegum tekjum	53.107
Verðbréf með föstum tekjum	66.683
Veðlán	2.164
Verðtryggð innlán	2.766
Aðrar fjárfestingar	43

Fjárfestingar alls 124.763

Kröfur	636
Aðrar eignir	6.992

Eignir samtals 132.392	
Skuldir	-357
Hrein eign til greiðslu lífeyris 132.034	

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2013

Iðgjöld	8.994
Lífeyrir	-2.531
Fjárfestingartekjur	9.367
Fjárfestingargjöld	-315
Rekstrarkostnaður	-149

Hækkun á hreinni eign á árinu 15.366
Hrein eign frá fyrra ári 116.668
Hrein eign til greiðslu lífeyris 132.034

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR SKV. NIÐURSTÖÐU TRYGGINGAFRÆÐINGS 31.12.2013

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	284
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	0,8%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	206
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	0,2%

NAFNÁVÖXTUN

	2013	2009-2013
Frjálsi 1	7,7%	10,9%
Frjálsi 2	5,8%	9,2%
Frjálsi 3	4,2%	8,7%
Frjálsi Áhætta	12,6%	12,4%
Tryggingadeild*	9,2%	9,2%

*Skuldabréf gerð upp á kaupkröfu

Ávöxtun í fortið gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð. 5 ára ávöxtunartölur sýna meðalnafnávöxtun frá 31.12.2008 - 31.12.2013 en ávöxtun er mismunandi milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á frjalsilif.is.

KENNITÖLUR

Eignir í íslenskum krónum	79,4%
Eignir í erlendri mynt	20,6%
¹ Fjöldi virkra sjóðfélaga	14.580
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	47.983
² Fjöldi lífeyrisþega	1.711

¹ Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld á árinu.

² Meðaltal lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.



Yfirburðir Sævars á Akureyri

SKÍÐI Skíðamót Íslands fór fram við frábærar aðstæður á Akureyri um helgina en flest besta skíðafólk landsins var þar komið saman. Sævar Birgisson Ólympíufari hafði mikla yfirburði í skíðagöngu karla og vann allar þær fjórar greinar sem keppt var í á mótinu. Meiri spenna var í kvennaflokki en þær Veronika Lagun og Katrín Árnadóttir skiptu með sér gullverðlaunum í einstaklingsgreininum fjórum.

Í alpagreinum varð Einar Kristinn Kristgeirsson meistari í svigi og stórsvigi. Hann komst í úrslit í samhlíðasvigi en var dæmdur úr leik eftir að hafa komið við svokallaðan startpinna, sem er ólöglegt.

Helga María Vilhjálmadóttir varð Íslandsmeistari í stórsvigi og Freydis Halla Einarsdóttir í svigi. Þær mættust svo í samhlíðasviginu í gær og þar hafði Helga María betur. - esá



Dagný var hetja Íslands í Ísrael

FÓTBOLTI Ísland vann mikilvægan 1-0 sigur á Ísrael í undankeppni HM 2015 ytra á laugardaginn. Dagný Brynjarsdóttir skoraði eina mark leiksins á 60. mínútu með skoti úr vítateignum eftir undirbúning Fannðísar Friðriksdóttur.

Sigurinn var sanngjarn en Ísland stjórnaði leiknum frá upphafi. Stelpurnar eru nú með sex stig eftir þrjá leiki og í öðru sæti riðilsins. Sviss er á toppnum með fullt hús stiga eftir fimm leiki. Ísland mætir næst Möltu, sem er stigalaust á botni riðilsins, ytra á fimmtudag. - esá

Mercedes-menn í sérflokk í Bairein

FORMÚLA 1 Lewis Hamilton, ökuþór Mercedes, bar sigur úr býtum í Formúlu 1-keppninni í Bairein í gær eftir harða keppni við Nico Rosberg, liðsfélaga sinn. Þeir voru í sérflokk í mótinu en tíu sekúndna forysta Hamilton var þurrkuð út eftir að öryggisbíll var kallaður út þegar tíu hringir voru eftir. Rosberg var á fljótari dekkjum en Hamilton náði að verja forystuna.

Sergio Perez á Force India varð þriðji eftir spennandi keppni við Daniel Ricciario á Red Bull. - esá

Liverpool hélt í toppsætið

FÓTBOLTI Liverpool vann nauman en afar mikilvægan sigur á West Ham í gær, 2-1, og hélt þar með toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar. Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, skoraði bæði mörkin úr vítaspyrnum.

Chelsea og Manchester City koma næst á eftir en bæði lið unnu örugga sigra á laugardaginn. Everton vann hins vegar sannfærandi sigur á Arsenal, 3-0, í gær og er nú með 63 stig í fimmta sætinu, stigi á eftir Arsenal. Manchester United er í sjötta sæti eftir sigur á Newcastle, 4-0. - esá

Meistari í fyrsta sinn

Snæfell gerði sér lítið fyrir og „sópaði“ Haukum, 3-0.

KÖRFUBOLTI Snæfell varð í gærkvöldi Íslandsmeistari í körfubolta kvenna í fyrsta sinn í sögu félagsins. Liðið vann Hauka, 69-62, og þar með rímu liðanna í lokaúrslitunum, 3-0. Afrekið er ekki síst merkilegt í ljósi þess að hin bandaríska Chynna Brown, sem hefur verið lykilmáður í liði Snæfells á tímabilinu, gat lítið beitt sér í úrslitakeppninni vegna meiðsla.

Hildur Sigurðardóttir var valin besti leikmaður úrslitakeppninnar en hún er uppalin í Stykkishólmi og sneri aftur í Snæfell árið 2011 eftir nokkurra ára dvöl í KR.

„Þegar ég fór hédan á sínum tíma bjóst ég ekki við að ég myndi koma hingað aftur til að spila körfubolta. Nú er ég búin að vera í þrjú ár, það hefur verið stífgandi í liðinu með hverju árinu og við búnað að landa tveimur stórum titlum,“ sagði Hildur eftir leikinn í gær. - esá, íps



BIKARINN Á LOFT Það var mikil gleði í Stykkishólmi þegar Hildur Sigurðardóttir tók á móti Íslandsmeistarabikarinum. MYND/JÓN BJÖRN ÓLAFSSON

Var heppin að vinna

Tinna Helgadóttir var sigurvegari Íslandsmótsins í badminton en hún vann þrefaldan sigur. Kári Garðarsson vann gull í bæði einliðaleik og tvíliðaleik karla.

BADMINTON „Það kom mér á óvart hversu stressuð ég var og ég átti í raun erfitt með að ná mínu besta fram,“ sagði Tinna Helgadóttir, þrefaldur Íslandsmeistari í badminton, að loknu Íslandsmótinu sem haldið var í Hafnarfirði um helgina. Tinna varð meistari í einliðaleik, tvíliðaleik og tvenndarleik en mesta spennan var í úrslitaleiknum gegn Margrétu Jóhannsdóttur í einliðaleik.

Úrslitaleikurinn var spennandi en Tinna vann í tveimur lotum, 21-19 og 22-20. „Hún [Margrét] spilaði mjög vel og ég varð mjög stressuð. Í raun var ég heppin að hafa unnið,“ bætir Tinna við en sigrar hennar í öðrum greinum voru nokkuð þægilegir. Tinna býr nú í Danmörku þar

sem hún hefur nýlengi BA-námi í íþróttfræði og ensku. Hún hefur einnig starfað sem yfirþjálfari yngri flokka hjá Værlöse og keppir fyrir liðið í 1. deildinni í Danmörku.

„Ég á nú von á því að vera áfram úti,“ sagði Tinna sem hefur gengið vel í vetur. „Ég hef verið að spila og æfa mikið – mun meira en ég ætlaði mér.“

Tinna varð meistari í tvíliðaleik með Erlu Björgu Hafsteinsdóttur og keppti svo með bróður sínum, Magnúsi Inga, í tvenndarleik.

Kári Gunnarsson varð Íslandsmeistari í bæði einliðaleik og tvíliðaleik karla. Hann vann Atla Jóhannesson í einliðaleik en þeir félagar urðu svo saman meistarar í tvíliðaleik. eirikur@frettabladid.is



SIGURSÆL Tinna Helgadóttir vann þrefaldan sigur um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ÞAÐ GETA EKKI ALLIR VERIÐ GORDJÖSS

Það er mikið í mig lagt

www.landrover.is



RANGE ROVER EVOQUE – VERÐ FRÁ 8.490.000 KR.

4x4 - TD4 2,2 dísil, 9 þrepa sjálfskipting. Eyðsla 6,5 l/100 km.*

Þú veist það um leið og þú sérð hann. Það er eitthvað einstakt við Range Rover Evoque. Hönnunin grípur þig samstundis. Útlit er loforð um ævintýri, þægindi og óbeislaða upplifun. Búnaðurinn er á heimsmeilavörð, hvort sem um ræðir aksturseiginleika, fjöðrunarbúnað, drifkerfi eða afl.

Reynsluaktu Evoque og leyfðu honum að heilla þig. Hafðu samband í síma 525 8000 eða komdu í heimsókn.

BL

50" SNJALLSJÓNVARP



Panasonic TXL50BL6

149.990

VERÐ ÁÐUR 189.990



50" FHD Smart VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Vreal PRO Engine. 100 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect. Swipe & Share 2.0 / My Home Screen. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. Skype möguleiki. Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari. App til að samhæfa fjarstýringu með iPhone/Android. Scart, 3 HDMI, Component CI rauf, composite, RCA, DNLA 1.5, heyrnatólstengi og Optical út.

HEIMABIÓ Ó TILBOÐI



240w RMS Soundbar sem má breyta í 2.1 með Bluetooth og þráðlausum bassahátalara.

Panasonic SCHTB570

49.990

VERÐ ÁÐUR 89.990



1000w RMS 2.1 heimabíókerfi með innbyggðum 3D Blu-ray spilara, kortalesara og fleiru og fleiru.

Panasonic SCBTT200

69.990

VERÐ ÁÐUR 89.990



520w RMS 5.1 heimabíókerfi með innbyggðum Blu-ray spilarara og þráðlausri nettengingu.

Panasonic SCBTT460

69.990

VERÐ ÁÐUR 99.990



1000w RMS LincSD Digital 5.1 heimabíókerfi með 7.1 virtual surround. Eitt með öllu.

Panasonic SCBTT560

99.990

VERÐ ÁÐUR 149.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Stöð 2 kl. 19.20 Stóru málin

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fjallað verður á beinskeyttan hátt um stóru málin í pólitíkinni, til dæmis skuldastöðu heimilanna, atvinnu-mál, skattamál og fleiri mikilvæg málefni. Lóa Pind Aldísardóttir rýnir í þjóðarmálin og fer yfir þau á mannamáli.



Í KVÖLD



Spilaborg

SJÓNVARPIÐ KL. 21.10 House of Cards er bandarísk þáttaröð um klækja-stjórnsmál og pólitískan refskaþar sem einskis er svífast í baráttunni. Meðal leikenda eru Kevin Spacey, Michael Gill, Robin Wright og Sakina Jaffrey.



Game Of Thrones

STÖÐ 2 KL. 20.55 Fjórða þáttaröðin um hið magnaða valdatafi og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.




Eldsnöggð með Jóa Fel

STÖÐ 2 GULL KL. 20.30 Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakameistararnum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir.

Bylgjan kl. 10.00 Ívar Guðmundsson

Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.



MÁNUDAG
20:55



STÖÐ 2

- 06.45 Myndbönd
- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle
- 08.25 One Born Every Minute
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Smash
- 10.55 Perfect Couples
- 11.20 I Hate My Teenage Daughter
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor US
- 14.30 ET Weekend
- 15.15 Kalli litli kanína og vinir
- 15.40 Ofurhetjusársveitin
- 16.05 Waybuloo
- 16.25 Mike and Molly
- 16.45 How I Met Your Mother
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Stóru málin
- 19.45 Mom (21:22)
- 20.10 Suits (11:16)
- 20.55 Game Of Thrones (1:10)
- 21.50 The Americans (5:13)
- 22.35 American Horror Story. Asylum
- 23.20 Mike and Molly
- 23.40 The Mentalist
- 00.25 Rake
- 01.15 Bones
- 02.00 Boss
- 03.00 Orange is the New Black
- 03.45 Eastwick
- 04.30 Hellcats
- 05.10 How I Met Your Mother
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 14.40 Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Bayern Munchen
- 16.20 Þýsku mörkin
- 16.50 Barcelona - Real Betis
- 18.30 Spænsku mörkin 2013/14
- 19.00 Njarðvík - Grindavík BEINT
- 21.00 Skallagrímur Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
- 21.30 Real Sociedad - Real Madrid
- 23.10 Njarðvík - Grindavík
- 00.40 KR - Stjarnan

SPORT 2

- 12.10 Cardiff - Crystal Palace
- 13.50 Norwich - WBA
- 15.30 West Ham - Liverpool
- 17.10 Everton - Arsenal
- 18.50 Tottenham - Sunderland BEINT
- 21.00 Messan
- 22.20 Football League Show 2013/14
- 22.50 Tottenham - Sunderland
- 00.30 Messan
- 01.50 PL Classic Matches. Leeds - Tottenham, 2000



20.00 Frumkvöðlar 20.30 Eldhús meistaranna
21.00 Vafrað um Vesturland 21.30 Stormað um Hafnarfjörð

STÖÐ 3

- 12.35 Simpson-fjölskyldan
- 12.55 Friends
- 13.20 Mindy Project
- 13.40 Suburgatory
- 14.00 Glee
- 14.45 Hart of Dixie
- 15.25 Gossip Girl
- 16.10 The Carrie Diaries
- 16.50 Pretty Little Liars
- 17.35 Extreme Makeover.
- 18.20 Hart Of Dixie
- 19.00 Amazing Race
- 19.45 The New Normal
- 20.05 Lying Game (4:10)
- 20.50 Glee 5 (10:22)
- 21.35 The Vampire Diaries (9:22)
- 22.20 Men of a Certain Age (8:12)
- 23.00 Pretty Little Liars
- 23.45 Nikita
- 00.25 Southland
- 01.05 Amazing Race
- 01.45 The New Normal
- 02.10 Lying Game
- 02.50 Glee 5
- 03.30 The Vampire Diaries
- 04.10 Men of a Certain Age

Krakkastöðin

07.00 Brunabíllarnir 07.22 Ævintýri Tinna 07.47 Tom and Jerry 07.55 Rasmus Klumpur 08.00 Skógardýrið Húgó 08.23 Latibær 08.47 Ævintýraferðin 09.00 Dóra könnuður 09.24 Mörgæsirnir frá Madagaskar 09.45 Doddi litli 09.55 Sumardalsmyllan 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.45 Hvellur keppnisbíll 10.55 UKI 11.00 Brunabíllarnir 11.22 Ævintýri Tinna 11.47 Tom and Jerry 11.55 Rasmus Klumpur 12.00 Skógardýrið Húgó 12.22 Latibær 12.46 Ævintýraferðin 13.00 Dóra könnuður 13.24 Mörgæsirnir frá Madagaskar 13.45 Doddi litli 13.55 Sumardalsmyllan 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.45 Hvellur keppnisbíll 14.55 UKI 15.00 Ævintýri Tinna 15.25 Brunabíllarnir 15.50 Tom and Jerry 15.55 Rasmus Klumpur 16.00 Skógardýrið Húgó 16.22 Latibær 16.46 Ævintýraferðin 17.00 Dóra könnuður 17.24 Mörgæsirnir frá Madagaskar 17.45 Doddi litli 17.55 Sumardalsmyllan 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.45 Hvellur keppnisbíll 18.55 UKI 19.00 Rauðhetta... með nýju bragði 2 20.25 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 18.00 Strákarnir
- 18.30 Friends
- 18.50 Seinfeld
- 19.15 Modern Family
- 19.40 Two and a Half Men (9:23)
- 20.05 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnöggð með Jóa Fel (8:12)
- 21.00 Twenty Four (8:24)
- 21.45 Sisters (1:7)
- 22.35 Anna Pihl (3:10)
- 23.20 Lærkevej
- 00.05 Sjálfstætt fólk
- 00.30 Eldsnöggð með Jóa Fel
- 01.00 Sisters

BÍÓ

- 10.40 The Winning Season
- 12.25 Limitless
- 14.10 I Am Sam
- 16.20 The Winning Season
- 18.05 Limitless
- 19.50 I Am Sam
- 22.00 Hanna
- 23.50 How I Spent My Summer Vacation
- 01.25 Youth in Revolt
- 02.55 Hanna

RÚV

- 16.35 Herstöðvarlíf
- 17.20 Kólabræður
- 17.30 Engilbert ræður
- 17.38 Grettir
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Brautryðjendur
- 18.25 Önnumatúr í New York
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.05 Varasamir vegir (2:3) (Dangerous Roads) BBC þáttur í þremur hlutum, þar sem þekktir Bretar spreya sig á nokkrum hættulegustu vegum heims. Hér keyra uppistandararnir Sue Perkins og sjónvarpskonan Liza Tarbuck hinn sögufræga Ho Chi Minh stíg.
- 21.10 Spilaborg (8:13) (House of Cards II)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið (Siddhartha Kaul)
- 22.45 Jaroussky og Concerto Köln (Jaroussky & Concerto Köln)
- 23.30 Kastljós
- 23.50 Fréttir
- 00.00 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 15.15 Titanic - Blood & Steel (1:12) Vönduð þáttaröð í tólf hlutum sem segir frá smíði Titanic.
- 16.05 Judging Amy
- 16.50 Dogs in the City
- 17.40 Dr. Phil
- 18.20 Top Gear
- 19.10 Cheers
- 19.35 Rules of Engagement (2:26)
- 20.00 Trophy Wife (14:22) Gamanþættir sem fjalla um partístelpuna Kate sem verður ástfanginn og er lent milli steins og sleggju fyrrverandi eigin-kvænna og dómharðra barna.
- 20.25 Top Chef (3:15) Það er komið að sjöundu seríunni í þessum stórskemmtilega bandaríska raunveruleikaþætti. Þau Tom Colicchio og Padma Lakshmi fá til sín 17 efnilega matreiðslumenn sem þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu
- 21.10 Hawaii Five-0 (16:22) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Havaíeyjum í þessum vinsælu þáttum.
- 22.00 CSI
- 22.45 The Tonight Show
- 23.30 Law & Order
- 00.15 Hawaii Five-0
- 01.05 The Tonight Show
- 01.55 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRSPOURT

06.00 Motors TV 14.00 Borussia Dortmund - VfL Wolfsburg 16.00 Heerenveen - PSV Eindhoven 18.00 Vitesse - AFC Ajax 20.00 Bundesliga Highlights Show 20.50 Bundesliga Highlights Show 21.40 Bundesliga Highlights Show 22.30 Motors TV

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 13.00 LPGA Tour 2014 16.00 2013 Augusta Masters 20.00 Golfing World 2014 20.50 2013 Augusta Masters samantekt 21.40 Golfing World 2014 22.30 Inside The PGA Tour 2014 22.55 Golfing World 2014

Mánudaga 20:55

Valdabaráttan hefst í kvöld!

Margir hafa beðið með mikilli eftirvæntingu eftir fjórðu þáttaröðinni af Game of Thrones. Nú er biðin loks á enda því fyrsti þátturinn fer í loftið í kvöld, aðeins degi síðar en í Bandaríkjunum. Brúðkaup Joffrey konungs er þunga-miðja þáttaraðarinnar og eins og alltaf skipa blóðugir bardagar, hefndaraðgerðir og lævislegt ráðbrugg stóran sess í þessum æsispennandi þáttum.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

GÆÐAMÁLNING - GOTT VERÐ!

MÚRBÚÐARVERÐ

SPARAÐU!

Kynntu þér verðið á
Deka gæðamálningu
og málningavörum
í Múrbúðinni.

Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 lítrar

1.895



LF Veggspartl
0,5 lítrar

795



Bakki, grind og rúlla

1.190



Málningarfata 12 lítra

490



DekaCryl 7
Innimálning. 10 lítrar

5.995



Áltrappa 3 þrep
polir 150 kg EN:131

3.990



Mako pensill
50mm

225



Mako málaramotta 1x3 metrar

995



SMIG Med veggspartl 5 kg.

1.390



Deka Gólfmálning
grá 3 lítrar

4.295



Málningarlímband
25mmx50m

225


Málningarpappi
20mx80cm

695



25cm Málningar-
rúlla og grind

720



Framlengingarskaft
fyrir rúllur Tia-EP 1,2 metrar

325



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík Kletthálsi 7. Ópið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Ópið virka daga kl. 8-18



Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Ég held rosalega mikið upp á lag þessa dagana með Kelly Joe Phelps sem heitir Down To The Praying Ground sem kemur mér í góðan gr. Hlakka mikið til að upplifa það á tónleikum um næstu helgi.“

Smári Tarfur Jósefsson tónlistarmaður

Leika til styrktar fallegu málefni

Nemendur í Valhúsaskóla halda sýningu á Bussy Malone til styrktar Leiðarljóss.

„Okkur finnst þetta bara fallegt málefni,“ segir Tómas Helgi, einn nemenda í Valhúsaskóla, en nemendur í 8.–10. bekk skólans standa fyrir sýningu á leikritinu Bussy Malone í kvöld til styrktar Leiðarljósi, stuðningsmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma.

Nemendurnir í Valhúsaskóla hafa undanfarna tvo mánuði unnið hörðum höndum við uppsetningu leikritsins undir leikstjórn Ragnheiðar Mafsólar Sturludóttur, en verkið var frumsýnt á árs hátíð Valhúsaskóla á fimmtudaginn.

„Frum sýningin gekk rosalega vel,“ segir Tómas jafnframt, en hann fer með hlutverk

Samma feita í verkinu. Aðspurður segir Tómas þá Samma ekki vera líka.

„Nei. Sammi er mjög geðstírd persóna, en ég er rólyndismaður,“ segir Tómas, sem finnst rosalega gaman að leika. „Ég fór að leika því mér fannst svo gaman að syngja, en svo fann ég bara að ég hafði áhuga á þessu öllu. Það sem gerir þetta svo skemmtilegt er hvað þetta er fjölbreytt og maður getur farið út fyrir þægindarammann sinn.“

Sýningin verður kl. 19.00 í kvöld í Félagsheimili Seltjarnarness við Suðurströnd. Það kostar 500 krónur inn fyrir þá sem eru á grunnskólaaldri en 1.000 kr. fyrir aðra. Allur ágóði rennur óskiptur til Leiðarljóss.



LEIKARARNIR Verkið hefur vakið mikla lukku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12 110 Reykjavík S: 586 8000

Eigum til á lager hinar vinsælu Robland sambyggðu vélar á góðum verðum.

Grunnverð 1.189.834 bjóðum 15% afslátt á vélum og aukahlutum framm að páskum.

Fullt að flottum vörum á góðu verði fyrir iðnaðinn og handverkið.



GLÁMA Stuttmyndin var sú fyrsta af þremur í þrileik kvikmyndafélagsins.



Vestfirðingar verðlaunaðir

Kvikmyndafélagið Gláma samanstendur af fimm Vestfirðingum en stuttmynd félagsins Sker verður sýnd á kvikmyndahátíðum á borð við Tribeca og Cannes.

„Við erum fimm Vestfirðingar sem ákváðum að setja þetta á fót,“ segir leikstjórinn Baldur Páll Hólmgeirsson en hann er einn stofnenda kvikmyndafélagsins Glámu.

„Við erum alveg héðan og þaðan af Vestfirðum, einn frá Þingeyri, annar frá Tálknafirði og einn frá Ísafirði,“ segir leikstjórinn. „Þetta byrjaði allt þegar við ákváðum að gera stuttmynd á Vestfirðum,“ segir Baldur Páll en sú mynd bar nafnið Gláma. „Hún fjallar um kokk sem er ráðinn á árs hátíð á hóteli en þegar hann mætir á staðinn er ekki allt með felldu.“

Kvikmyndafélagið ákvað síðan að gera þrileik sjálfstæðra mynda sem áttu allar að gerast á gömlum hótelum á Vestfirðum.

„Seinni myndin gerist á Hótel Breiðavík og sú þriðja á Reykjanesi,“ segir Baldur Páll en myndirnar hafa fengið góðar viðtökur.

Nýjasta mynd félagsins er stuttmyndin Sker en hún segir frá sannri sögu kajakræðara sem ferðast um Vestfirði á kajak. Myndin hefur vægast sagt fengið góðar viðtökur en hún er bókuð á stórar kvikmyndahátíðir á borð



HÆFILEIKARÍKUR Baldur Páll Hólmgeirsson er hæfileikaríkur leikstjóri.

við Aspen Shortsfest, Tribeca Film Festival og stuttmyndahorn Cannes-hátíðarinnar.

„Við erum búin að senda myndina um allan heim, þetta eru svona fyrstu svörin sem hafa dottið inn,“ segir Baldur Páll sem bætir því við að kvikmyndafélagið sé að leggja lokahönd á tvær heimildarmyndir sem verða tilbúnar í sumar. „Önnur fjallar um Fjallabræður og ferð þeirra til Ísafjarðar í fyrra,“

„Við erum alveg héðan og þaðan af Vestfirðum.“

segir leikstjórinn. „Hin myndin fjallar um einleikjahátíðina Act Alone á Ísafirði,“ segir Baldur Páll en það virðist vera nóg um að vera hjá kvikmyndafélaginu Glámu.

baldivin@frettabladid.is

GILDIR MÁNUDAG & ÞRIÐJUDAG

48 TÍMA OFURTILBOÐ

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PÖNNUM

Margar mismunandi gerðir af pönnum með eða án loks. 20, 24, 28 eða 30 cm breiðar. Henta á allar gerðir af hellum, líka span. Tvöföld viðloðunarfri húð.

Verð frá kr 1.495.-



12 GERÐIR

Rapha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

NIKON FERMINGARTILBOÐ

STAFRÆN SLR MYNDAVÉL

VR LINSA MEÐ HRISTIVÖRN



Þráðlaust farsímatengi að verðmæti 11.990 fylgir!



Nú með nýrri og léttari linsu!

Nikon D3200KIT1855VR

Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndaöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.



24,2 Megapíxla C-MOS myndflaga

TILBOÐ
99.995

FULLT VERÐ 109.995



Nikon School námskeið fylgir!

Heimilistæki ht.is

SELFOS • REYKJANESBÆR • AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • REYKJAVÍK

Fallegustu vínylplötur í heimi

Art!faKt! er myndlistarverk sem sameinar grafík og tónlist.

Íslensku hljómsveitirnar Hjálmar, Prins Póló og Gluteus Maximus og plötusnúðarnir Sexy Lazer, Jón Atli Helgason, DJ Margeir, Oculus og Friðfinnur Sigurðsson taka þátt í evrópska samstarfsverkefninu Art!faKt! sem blandar saman tónlist og grafík.

„Verkefnið er upprunnið í Austurríki en einnig kemur að þessu fólki annars staðar frá, frá Íslandi og Þýskalandi,“ segir DJ Margeir um verkefnið, sem snýr að því að sameina grafíklist og tónlist í eitt verk. Þannig er þetta myndlistarverk sem er einnig vínylplata og hægt að spila sem slíka.

„Þetta er stórskemmtilegt verkefni og afraksturinn er virkilega vandaður pakki, 15 verk í heildina pakkað saman í

nokkurs konar bók sem minnir á harmonikkku. Það er óhætt að fullyrða að þetta eru fallegustu vínylplötur sem ég á, og á ég þónokkrar fyrir!“ segir Margeir, og hlær.

Aðspurður hvernig verkefnið kom til segir Margeir. „Við félagarnir, Jón Atli og Stephan Stephansson, vorum á tónleikaferðalagi í Innsbruck í Austurríki og gistum á eins konar vinnustofu listamanna, eiginlega Klink og Bank Austurríkisbúa, og það var rosalega mikið líf listamanna þarna inni. Svo vildi þannig til að það var vínylplötuframleiðandi á vinnustofunni, auk fleiri tónlistarmanna og myndlistamanna, og í gegnum samræður við þetta fólk kviknaði þessi hugmynd.“



VÍNYLPLATA OG LISTAVERK DJ Margeir tekur þátt í samstarfsverkefninu Art!faKt!. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SUMAR - LAGERSALA

mið. 2. apríl - þri. 8. apríl

Á ÚTIVISTAR- & GOLFFATNAÐI

ALLT AÐ AFSLÁTTUR 80%



MARKA

-50%

Dömu 2ja laga golfbuxur.

Verð: 17.495 kr
~~Verð: 34.990 kr~~



BLEYTA

-50%

Barna regnjakki.

Verð: 6.995 kr
~~Verð: 13.990 kr~~



HARKA

-60%

Dömu bómullarjakki.

Verð: 7.996 kr
~~Verð: 19.990 kr~~



DIMMA

-70%

Herra golfbuxur.

Verð: 3.990 kr
~~Verð: 13.990 kr~~



BLÁSA

-70%

Herra golf anorakkur.

Verð 9.990 kr.
~~Verð 34.990 kr.~~



RÖKKVA

-80%

Herra stuttbuxur.

Verð 3.990 kr.
~~Verð: 15.990 kr.~~

OPNUNARTÍMI LAGERSÖLU

2. apríl - 8. apríl

Virka daga kl. 12:00 - 19:00
Laugardag kl. 11:00 - 18:00
Sunnudag kl. 12:00 - 18:00

FACTORY STORE

Nýbýlavegur 6 - 200 Kópavogur - s: 412 5869

Tilboðin gilda frá 1. apríl - 8. apríl 2014



ZO • ON
I C E L A N D

www.zo-on.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ný bók kemur út í maí

Nýjasta bók **Tobbu Marinósdóttur** kemur í verslanir í maí og ber titilinn Tuttugu tilefni til dagdrykkju. „Bókin er tuttugu kaflar sem allir gefa tilefni til dagdrykkju. Þetta eru sögur úr mínu lífi sem útskýra af hverju ég hef fengið mér í miðri viku,“ segir Tobba og bætir við að það sé gott að bókin verði komin í verslanir áður en barnið fæðist í júní. Hún segir skrifin hafa tekið lengri tíma en skrif



fyrri bóka sinna því það sé öðruvísi þegar maður skrifar um sjálfan sig og þurfi að bera ýmislegt undir marga. „Maður þarf að passa að mamma og pabbi fái ekki taugaáfall. Þau eru búin að lesa og pabbi hló allavega upphátt nokkrum sinnum.“

- ebg

Laglaus hljómsveit

Hljómsveitin **Highlands** hefur átt mikilli velgengi að fagna þrátt fyrir að hafa aðeins gefið út eina stutt-skífu, n1, við lagið Hearts.

Nú er svo komið að sveitin hyggst draga útgáfuna til baka til þess að gefa lagið út að nýju í sumar undir merkjum erlends útgáfufyrirtækis.

Þá hefur sveitin, sem á þá tækni-lega ekkert útgefið lag, orðið sér úti um lögfræðing, en hann vinnur hjá sömu skrifstofu og sér um sveitir á borð við Guns N' Roses, The Game

og The Drums. Ljóst er að tónlistarbransinn hefur tekið miklum breytingum síðan sölutölur geisladiska voru mælikvarði á velgengi hljómsveita.

- ósk

Mest lesið

- 1 Fjölluðu oft um tækifæri Íslands vegna hlýnunar
- 2 Sjötti sigur Everton í röð
- 3 Smíðaði sinn eigin hjólastól
- 4 „Almenningur vill lausnir, ekki leiki.“
- 5 Fjölmenni á árshátíð 365 miðla

LG
BOGIÐ OLED
SJÓNVARP
Heimsins fyrsta bogna
OLED sjónvarpið



 **LG**
Life's Good

Sjónvarpsmiðstöðin
SÍÐUMÚLA 2 • WWW.SM.IS



Það er gott hjá þér að hugsa fram í tímann fyrir þá sem treysta á þig

LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGING FYRIR ÞIG OG FÓLKIÐ ÞITT

Það er gott hjá þér að hugsa um heilsuna á hverjum degi, því þú veist að hún skiptir öllu máli, bæði fyrir þig og þá sem treysta á þig. Taktu næsta skref í dag og láttu líf- og sjúkdómatryggja þig. Hafðu samband og starfsfólk VÍS veitir þér persónulega ráðgjöf. **VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

LÍFTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.

